



SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

*Skjalasafn*

**Dr. Birgir Þór Runólfsson:**  
**Kvótaþing,**  
**Verðlagsstofa skiptaverðs**  
**og takmörkun á flutningi aflamarks.**  
**Áhrif á sjávarútveg Íslendinga**

---

---

**Skýrsla til sjávarútvegsráðherra**  
**Febrúar 2000**

---

---

## Efnisyfirlit

	bls.
<b>Formáli</b>	
<b>0. Samantekt</b>	<b>1</b>
<b>1. Kjaradeildur sjómanna og útvegsmanna</b>	<b>4</b>
<i>Verkfall sjómanna 1998</i>	4
<i>Frumvarp um Kvótaþing</i>	5
<i>Frumvarp um Verðlagsstofu skiptaverðs</i>	8
<i>Frumvarp um aukna veiðiskyldu</i>	8
<b>2. Verðlagsstofa skiptaverðs</b>	<b>10</b>
<i>Lagalegt hlutverk</i>	10
<i>Starftilhögun og málsmeðferð</i>	11
<i>Starfsemi Verðlagsstofu skiptaverðs</i>	12
<i>Áhrif af starfsemi Verðlagsstofu skiptaverðs</i>	17
<b>3. Kvótaþing</b>	<b>22</b>
<i>Lagalegt hlutverk</i>	22
<i>Starftilhögun Kvótaþings</i>	24
<i>Viðskipti og verðþróun á Kvótaþingi</i>	25
<i>Verðmyndun á kvóta</i>	31
<i>Sundurliðun viðskipta á Kvótaþingi og samanburður við fyrri ár</i>	37
<i>Áhrifin af Kvótaþingi</i>	41
<b>Töfluviðauki A</b>	<b>45</b>
Tafla A1: Aflamarkstegundir í íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu	
Tafla A2.1: Mánaðarlegt meðalverð á aflamarki helstu tegunda 1997-2000	
Tafla A2.2: Meðalverð á aflamarki 1992/93-1999	
Tafla A3.1-A3.3: Flutningur á aflamarki 1995/96-1998/99	
Tafla A3.4: Þróun aflamarks eftir skipaflokkum 1995/96-1998/99	
Tafla A4.1a-A41b: Flutningur á aflahlutdeild eftir skipaflokkum 1995/96-1998/99	
Tafla A4.2: Heildarflutningur aflahlutdeilda 1991/92-1998/99	
Tafla A5.1: Aflamarksflutningar eftir skipaflokkum 1998/99	
Tafla A5.2: Aflamarksflutningar eftir skipaflokkum 1997/98	
Tafla A5.3: Aflamarksflutningar eftir skipaflokkum 1996/97	
Tafla A5.4: Aflamarksflutningar eftir skipaflokkum 1995/96	
Tafla A5.5: Viðskipti á Kvótaþingi með þorskaflamark, flokkað eftir stærð skipa	
Tafla A5.6: Viðskipti á Kvótaþingi með þorskaflamark, eftir skipaflokki	
Tafla A5.7: Viðskipti á Kvótaþingi með þorskaflamark, eftir flokkum og stærðum skipa	
Tafla A6.1-A6.2: Viðskipti á Kvótaþingi eftir fisktegundum og stærðum útgerða	
Tafla A7.1-A7.8b: Flutningur aflamarks eftir landshlutum, flokkum og fisktegundum	
<b>Viðauki B</b>	<b>73</b>
Viðauki B1: Verðdreifing á slægðum þorski í október 1998 og 1999, eftir veiðarfærum	
Viðauki B2: Meðalverð á ýsu, karf og ufsa eftir veiðarfærum í nóvember 1999	
<b>Heimildaskrá</b>	<b>77</b>

## *Formáli*

Tilboðsmarkaður með aflamark hefur verið starfræktur frá 1. september 1998. Tilboðsmarkaðurinn var settur á fót með lögum nr. 11/1998 um Kvótapiing. Samkvæmt þeim er meginreglan sú að útvegsmenn geta aðeins flutt aflamark á milli skipa að undangengnum viðskiptum á Kvótapiingi. Einnig hefur verið starfandi síðan í júní 1998 skv. lögum nr. 13/1998 Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Hlutverk Verðlagsstofu er að stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna. Með lögum nr. 12/1998 um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, var 12. gr. síðarnefndu laganna, um færslu aflamarks breytt á tvo vegu. Annars vegar til samræmis við lög um Kvótapiing, en hins vegar að takmarka flutning aflamarks af skipi, umfram aflamark sem flutt er til skips, við 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar þess.

Sjávarútvegsráðherra fól undirrituðum, í samræmi við bráðabirgðaákvæði I með lögum um Kvótapiing og lögum um Verðlagsstofu og bráðabirgðaákvæði XIX með lögum um stjórn fiskveiða, að hefja könnun á því hvaða áhrif lögin hafa haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skyldi undirritaður taka saman skýrslu þar sem niðurstöður könnunarinnar yrðu birtar og sjávarútvegsráðherra gæti lagt fyrir Alþingi.

Undirritaður hefur undanfarna mánuði kynnt sér starfsemi þeirra stofnana sem hér eru til umfjöllunar. Heimsótti undirritaður Verðlagsstofu skiptaverðs, átti viðtöl við forstöðumann og sat fund úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna. Undirritaður kynnti sér starfsemi Kvótapiings og átti viðtöl við þá aðila hjá Fiskistofu sem daglega umsjón hafa með tilboðsmarkaðnum. Þessir aðilar veittu undirrituðum fullan aðgang að öllum nauðsynlegum gögnum til að framkvæma könnunina. Kann undirritaður þeim bestu þakki fyrir alla aðstoð sem þeir og aðrir starfmenn þessara stofnana veittu.

Undirritaður sótti einnig heim samtök útvegsmanna, smábátaeigenda, sjómanna, vélstjóra og farmanna og fiskimanna og átti þar viðtöl við helstu forustmenn þessara samtaka. Þá átti undirritaður einnig viðtöl við fjölda annarra sem þekkingu hafa á eða hagsmunum af sjávarútvegi.

Auk ofanefndra heimsókna og viðtala, hefur undirritaður safnað saman miklu gagnasafni frá Verðlagsstofu, Fiskistofu, Fiskifélagi Íslands, o.fl. og unnið úr þeim gögnum. Það sem hér fer á eftir byggir að öllu leyti á þessum heimildum, en túlkningar og ályktanir eru á ábyrgð skýrsluhöfundar.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæðum þeirra laga, sem nefnd eru hér að ofan, átti gerð könnunar þessarar að vera lokið fyrir árslok 1999. Því miður tókst ekki að ljúka allri þeirri vinnu er undirrituðum þótti nauðsynlegt að klára við gerð könnunarinnar og var því óskað eftir fresti til að skila endanlegri skýrslu.

Reykjavík 14. febrúar, 2000

---

Dr. Birgir Þór Runólfsson, dósent  
Viðskipta- og hagfræðideild  
Háskóli Íslands



## 0. Samantekt

Meginn tilgangur þess að setja Verðlagsstofu skiptaverðs og Kvótaþing á fót, ásamt nýjum takmörkunum á flutningi aflamarks, var að gera viðskipti með aflamark sýnilegri og minnka möguleiga á að hægt væri að blanda saman viðskiptum með aflamark og viðskiptum með afla. Að baki lá einnig sú afstaða sjómanna að þeir væru með einum eða öðrum hætti að fjármagna kaup útgerða á aflamarki.

Allgóð sátt virðist ríkja meðal hagsmunaaðila með starf Verðlagsstofu. Stofan aflar gagna um verð á afla og afurðum og vinnur úr þeim gögnum, og kemur þeim á framfæri, m.a. á vefsíðu stofunnar. Stofan innkallar einnig fiskverðssamninga milli sjómanna og útgerða, gerir reglulegar úrtakskannanir og sendir fyrirspurnir til útgerða þegar svo ber við. Sá gagnagrunnur sem Verðlagsstofa hefur byggt upp nýtist síðan úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna við það starf hennar að leysa úr ágreiningi um fiskverð.

Innköllun samninga og fyrirspurnir Verðlagsstofu leiða stundum til þess að fiskverð hækkar hjá útgerð í kjölfarið og með því leysast sum mál, sem annars hefðu mögulega lent á borði úrskurðarnefndar. Málum sem vísað er til úrskurðarnefndarinnar hefur ekki fjölgað með tilkomu Verðlagsstofu. Á hinn bóginn virðist þessi gagnaöflun og gagnavinnsla stofunnar ekki hafa stuðlað að auknu samkomulagi hagsmunaaðila um álitamál.

Það sem er helst er gagnrýnt er að upplýsingar um fiskverð í beinni sölu eru oft gamlar þegar þær berast Verðlagsstofu. Einhverjar útgerðir geta hugsanlega notfært sér tafir í upplýsingastreymi og komast þá upp með að greiða verð utan viðmiðunarmarka stofunnar. Ef Verðlagsstofa á að sinna hlutverki sínu á sem bestan hátt verður að bæta þennan þátt upplýsingastreymis til stofunnar.

Erfitt er að fullyrða um hvort starf Verðlagsstofu og úrskurðarnefndar hafi viðtæk áhrif, þ.e. utan þeirra fyrirtækja sem afskipti eru höfð af. Svo virðist sem munur á milli fiskverðs í beinni sölu til fiskverkenda og fiskverðs á innlendum fiskmörkuðunum hafi ekki minnkað eftir tilkomu Verðlagsstofu.

Verulega dró úr flutningi aflamarks á fiskveiðiárinu 1998/99, bæði innan útgerða og milli útgerða. Vergur flutningur á þorskaflamarki milli óskyldra aðila minnkaði um rúm 60%, úr 69 þús. tonnum í 25 þús. Hreinn flutningur á þorskaflamarki dróst einnig saman, eða um nær 45%. Einnig dró mikið úr flutningi aflamarks annarra tegunda.

Stærri útgerðir flytja meira aflamark frá sér en til sín. Skuttogarar, sem flestir eru í eigu stærri útgerða, flytja mest aflamarks frá sér. Smábátar á aflamarki flytja einnig hlutfallslega mikið frá sér. Flutningur á þorskaflamarki til einstaklingsútgerða fiskveiðiárið 1998/99 nam rúmlega 4.500 tonnum, en var um 11.800 tonn árið áður.

Suðurnesjamenn flytja til sín mest þorskaflamark, ríflega 8.500 tonn, en það er álíka magn og Norðlendingar flytja frá sér. Hreinn flutningur á þorskaflamarki á milli landshluta minnkaði úr rúmum 14 þús. tonnum í tæp 9 þús. tonn milli ára.

Fjöldi kvótalítilla og kvótalausra báta átti viðskipti á Kvótaþingi, og voru nokkrir þeirra í hópi stærri kaupenda. Þau fyrirtæki sem mest versluðu á Kvótaþingi teljast öll til 50 stærstu útgerða landisins og keyptu þau t.a.m. um 20% af því þorskaflamarki sem um þingið fór. Lítil eða enginn munur er á meðalverði í aflamarkskpum kvótalítilla útgerða og þeirra kvótameiri.

Frá því starfsemi Kvótaþings hófst hefur verð á þorskaflamarki hækkað um meira en 20%. Sambærileg og jafnvel meiri hækkun hefur orðið á aflamarki nokkurra annarra



tegunda. Hefur af þessari ástæðu verið fullyrt að þessar verðhækkningar séu afleiðingar af tilkomu og starfsemi tilboðspingsins. Ef verðhækkun þorskaflamarks er hins vegar borin saman við fiskverðshækkningar og afurðaverðshækkningar virðist sem þær séu álíka. Þannig hækkar vísitala saltfiskafurða þorsks frá ágústmánuði 1997 til ágústmánaðar 1998 um 15% og 25% til sama mánaðar 1999. Verðvísitala þorskaflamarks hækkar nokkru minna á báðum tímabilum. Langtímasamband virðist vera milli afurðaverðs, fiskverðs og verðs á aflamarki, en ekkert skammtímasamband virðist þó á milli þessara stærða. Ýmsar skýringar geta átt hér við, m.a. sú að verð á aflamarki flestra fisktegunda sveiflast mikið innan ársins, m.a. vegna þess að gæftir eru misjafnar eftir árstíðum.

Þá verður einnig að hafa í huga að aðrir þættir hafa breyst samhliða stofnun Kvótapinga. Þar má t.a.m. nefna að framsal á aflamarki var takmarkað við 50% af úthlutaðu aflamarki skips. Sú breyting hefði, ein og sér, getað valdið því að verð á aflamarki hækkaði. Það er því a.m.k. hugsanlegt að áhrif þessara tveggja samtíma breytinga vinni hvor á móti öðru. Um það er þó ekkert hægt að fullyrða. Þá ber einnig að nefna að úthafsveiðar hafa minnkað og hluti fiskveiðiflotans stundar nú meiri veiðar í lögsögunni.

Meginn tilgangur þess að setja Kvótaping á fót, var að gera viðskipti með aflamark sýnilegra og koma í veg fyrir að hægt væri að blanda saman viðskiptum með aflamark og viðskiptum með afla. Tilkoma Kvótapinga átti m.ö.o. að gera útgerðum erfiðara við að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. Þrátt fyrir það virðist margt benda til að þátttaka sjómanna í kvótakaupum sé enn til staðar. Um það vitna bæði fiskverð og aflamarksviðskipti einstakra skipa og ummæli forystumanna hagsmunasamtaka. Þátttaka fiskverkenda í kvótakaupum virðist staðreynd og eru fiskverðsmál flækt af þeim ástæðum. Ekkert virðist því til fyrirstöðu að fiskverkendur greiði sjálfir kvóta skipa sem hjá þeim landa. Þetta vekur upp spurningar um gagnsemi Kvótapinga í núverandi mynd.

Það verður ekki séð að sú takmörkun á framsali aflamarks, að einungis sé heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark sem nemur 50% af því aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs, hafi dregið svo úr þátöku sjómanna í aflamarkskaupum að það réttlæti áframhald hennar. Aflamarksviðskipti hafa dregist saman af ýmsum öðrum og fleiri ástæðum en þeirri að löggjöfinni var breytt. Lagabreytingin dró hins vegar ennþá meira úr flutningi aflamarks, bæði á milli útgerða og innan útgerða. Að þessu leyti leiðir takmörkunin til minni sveigjanleika hjá útgerðum og minni hagkvæmni.

Tilkoma Kvótapinga hefur leitt til þess að opinberar upplýsingar liggja fyrir um viðskipti og verð aflamarks. Fyrirkomulag Kvótapinga leiðir þó til þess að ekki liggur fyrir milli hveira viðskipti eiga sér stað. Má segja að það fyrirkomulag dragi úr sýnileika viðskiptanna. Eðlilegra væri að fyrirkomulag Kvótapinga væri með spíðu sniði og fyrirkomulag Verðbréfaþings, en þó með þeirri kvöð að öll aflamarksviðskipti milli óskyldra aðila verði að tilkynna til þingsins og þau síðan birt þar.

Þær stofnanir sem líklegast eru best til þess fallnar að hafa áhrif á þátttöku sjómanna í aflamarksviðskiptum eru Verðlagsstofa og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Verðlagsstofa getur með gagnaöflun og gagnavinnslu sinni kortlagt afla- og aflamarksviðskipti einstakra útgerða og fiskverkenda. Stofnan hefur á þeim tíma sem liðinn er frá stofnun hennar verið að þróa gagnavinnslu sína og byggja upp

gagnagrunn. Sá grunnur gagnast síðan eftirlitsstarfi stofunnar og, þegar það á við, úrskurðarnefndinni til að taka á þeim álitamálum sem til hennar er vísað.



## 1. Kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna

Deilur um skiptaverð afla til sjómanna hafa oftast sett svip sinn á kjaradeilur þeirra og útvegsmanna. Fram til ársins 1993 var starfandi Verðlagsráð sjávarútvegsins og ákvað það fiskverð á sjávarafli. Frá 1985, og kannski sérstaklega með tilkomu uppboðsmarkaða árið 1987, hafði þó hlutverk þess breyst að því leyti að ráðið gat ákveðið að verð á einstökum fisktegundum væri að hluta eða öllu leyti frjálst. Ein af ástæðum þess að Verðlagsráðið var lagt niður og fiskverð gefið frjálst í árslok 1992 var sú að framleiðsla sjávarafurða er margbreytileg og eitt verð leysti ekki úr ágreiningi, jafnvel þótt tekið væri tillit til stærðar og gæða fisksins. Að auki hafði reynslan verið sú að oft var greitt álag á Verðlagsráðsverðið í samræmi við ráðstöfun aflans. Þá voru einnig talin brögð að því að sjómenn tækju þátt í útgerðarkostnaði, öðrum kostnaði en þeim sem sjómönnum bar samkvæmt kjarasamningum og lögum um skiptaverðmæti.

Samtök sjómanna höfðu á sínum tíma bundið nokkrar vonir við að verðmyndun á innlendum fiskmörkuðum yrði til þess að leysa þessa togstreitu um fiskverð. Reyndin hafði þó orðið sú að einungis um fjórðungur botnfiskafla fór um fiskmarkaði. Meginástæðan fyrir lágri hlutdeild fiskmarkaða er að finna í nánnum tengslum á milli veiða og vinnslu hér á landi. Flest stærri fiskvinnslufyrirtæki eiga fiskiskip og hafa jafnan unnið aflann frá þeim. Fiskmarkaðir hafa ekki náð þeim sessi að verð á þeim sé almennt viðurkennt sem markaðsverð, enda hefur lunginn úr aflanum farið fram hjá þeim og sá afli sem seldur hefur verið á þeim hefur oftast verið keyptur af fyrirtækjum sem þurfa að fylla upp í framleiðslu sína eða fyrirtækjum sem framleiða sérhæfðar afurðir. Þessum minni og sérhæfðari fiskverkunarfyrirtækjum hefur fjölgað á undanförunum árum. Þá hefur nýting ýmissa vannýtttra tegunda stóraukist og betri markaðir fundist fyrir þær. Tilkoma sjófrystingar hefur enn flækt málin því að þá er aflinn fullunninn um borð og einungis seldur í endanlegum neytendaumbúðum sem gerir skilin milli veiða og vinnslu enn óljósari.

Hugmyndir um að ákveðið yrði lágmarksverð á fiski og óheimilt væri að selja fisk á lægra verði hafa því stundum skotið upp klínunum. Menn hafa þó séð ýmsa annmarka á þeirri hugmynd. Ef lágmarksverðið yrði svipað og verð á fiskmörkuðum þótti sennilegt að framboð á mörkuðum myndi minnka. Lágmarksverð gæti einnig truflað eðlilega verðmyndun því að þeir tímar kynnu að koma að eftirspurn væri í lágmarki sem leiddi til þess að verðið leitaði undir lágmarksverð en rækist þá í þetta gólf. Eftir því sem lágmarksverð færir fjær verði á fiskmörkuðum dregur úr skaðlegum afleiðingum þess á markaðina en um leið missir það marks sem tæki til að verja sjómenn fyrir óeðlilegu skiptaverði. Lágmarksverð myndi einnig leiða til þess að opinbert verðákvörðunarkerfi yrði tekið upp á ný með öllum þeim göllum sem leiddu til þess að Verðlagsráð sjávarútvegsins var lagt niður.

### Verkfall sjómanna 1998

Þann 3. febrúar 1998 hófst verkfall á fiskskipafлотanum, en samningar sjómanna og útvegsmanna höfðu verið lausir frá því í árslok 1996. Var þetta í þriðja sinn á fjórum árum sem kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna leiddu til þess að stærsti hluti fiskiskipafлотans stöðvaðist. Fyrri deilur, í byrjun árs 1994 og vorið 1995, höfðu líkt og deilan 1998, fyrst og fremst snúist um tengsl viðskipta með aflamark og viðskipta með afla. Sjómenn töldu að í mörgum tilvikum hafi þessi tengsl haft óeðlileg áhrif á skiptakjör og ákvörðun fiskverðs til hlutaskipta í viðskiptum utan fiskmarkaða. Þann



9. febrúar 1998 var lagt fram frumvarp á Alþingi um stöðvun verkfalla á fiskiskipaflotanum. Samkvæmt frumvarpinu var m.a. gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra skipaði þriggja manna nefnd til að kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem áhrif hafa á hana. Þá átti nefndin að gera tillögur sem beindust að því að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafra milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hefðu óeðlileg áhrif á skiptakjör sjómanna og undirbúa löggjöf í þeim efnum. Þann 10. febrúar rituðu fulltrúar samninganefnda Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Alþýðusambands Vestfjarða ríkissáttasemjara bréf þar sem óskað var eftir að verkfalli aðila yrði frestað til 15. mars. Sagði í bréfinu að óskin um frestun verkfalls væri sett fram á þeirri forsendu að skipuð yrði nefnd í samræmi við fyrrnefnt frumvarp er hefði það verkefni að kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem hafa áhrif á hana. Nefndin átti að skila tillögum er beindust að því að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafra milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hefðu áhrif á skiptakjör sjómanna.

Nefndin skilaði tillögum sínum þann 4. mars 1998. Tillögur nefndarinnar voru þrjúþættar. Í fyrsta lagði nefndin til að sett yrði á stofn Verðlagsstofa skiptaverðs. Í öðru lagi lagði nefndin til að komið yrði á fót opnum tilboðsmarkaði fyrir aflamark, Kvótapiing. Í þriðja lagi að veiðiskylda fiskiskipa yrði aukin frá því sem þá var.

Tillögur nefndarinnar voru kynntar deiluaðilum og í framhaldi hófust viðræður milli aðila um nýja kjarasamninga sem m.a. byggðu á þeirri forsendu að illögur nefndarinnar yrðu lögfestar. Skiluðu þær viðræður engum árangri og fór svo að verkfall á fiskiskipaflotanum hófst að nýju 15. mars. Í framhaldi af því lagði ríkissáttasemjari fram miðlunartillögu 16. mars. Miðlunartillagan byggði á þeirri forsendu að frumvarpsdrög nefndarinnar yrðu að lögum. Tillagan var borin undir atkvæði í félögum sjómanna og útvegsmanna og niðurstaðan varð sú að sjómenn samþykktu miðlunartillöguna en útvegsmenn felldu.

Ljóst þótti að almenn stöðvun veiða og vinnslu um lengri tíma hefði mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúið. Þau áhrif yrðu þó mun meiri og alvarlegri fyrir einstaklinga sem starfa við fiskvinnslu og fyrirtæki og bæjarfélög sem byggja á sjávarútvegi. Þótti hér um mikla almannahagsmuni að tepla og nauðsynlegt að bregðast við til að koma í veg fyrir þann mikla efnahagsskaða sem stöðvun fiskiskipaflotans um lengri tíma mundi ella valda. Sjávarútvegsráðherra lagði fram frumvörp um að efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara yrðu lögfest.

### **Frumvarp um Kvótapiing**

Samkvæmt einu frumvarpinu var lagt til að komið yrði á opnum tilboðsmarkaði fyrir aflamark, Kvótapiing. Frumvarpið var samhljóða þeim drögum að sem samin voru af nefndinni sem skipuð var til að fjalla um kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Samkvæmt greinargerð sem Þjóðhagsstofnun vann um starfsemi kvótapiings var talið líklegt að áhrifin af starfsemi þingsins yrðu tvíþætt. Annars vegar yrði ekki eins auðvelt og áður að draga kostnað við öflun aflamarks frá aflaverðmæti fyrir útreikning á hlut áhafnar fiskiskips með óbeinum hætti, eins og gerist t.d. í tonn á móti tonni viðskiptum, því viðskiptin yrðu sýnileg og gerðust með peningalegum greiðslum. Hins vegar ætti kostnaður vegna viðskiptanna að breytast. Með þessu var átt við kostnað í viðum skilningi, þ.e. ekki einvörðungu umboðslaun og þess háttar heldur einnig öflun upplýsinga og áhættu í viðskiptum. Hvað fyrrnefndu áhrifin varðar var líklegt, að mati Þjóðhagsstofnunar, að laun sjómanna hjá þeim útgerðum sem höfðu



stundað tonn á móti tonni viðskipti mundu að jafnaði hækka með tilkomu kvótapiings. Ekki yrði eins fýsilegt og áður fyrir útgerðir að kaupa kvóta, eftirspurn eftir aflamarki minnkaði og kvótaverð lækkaði. Þetta yrðu áhrifin til skemmri tíma. Áhrifin til lengri tíma voru óvissari og myndu ráðast m.a. af samningum sjómanna og útvegsmanna. Hvað síðari áhrifin varðar var talið líklegt að viðskiptakostnaður lækkaði með því að koma á einu skipulögðu þingi sem væri óháð og nyti trausts markaðsaðila. Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar sagði einnig að reynslan sýndi að stofnun formlegra markaða eins og kvótapiings leiddi oftast til aukinna viðskipta. Áhrifin á kvótaverðið voru hins vegar óviss, því þau kæmu bæði fram í auknu framboði og eftirspurn. Líklegt þótti að nokkrar verðsveiflur yrðu á kvótapiingi.

Viðskipti með tonn á móti tonni höfðu hvatt vinnslufyrirtæki til að framselja aflamark sitt til útgerða sem réðu yfir litlum aflaheimildum. Afnáam þessa möguleika myndi væntanlega leiða til þess að vinnslan nýtti aflaheimildir sjálf. Staða kvótalíttilla útgerða átti þó ekki að versna svo mjög þar sem verð á aflamarki mundi, að öllum líkindum, lækka í kjölfarið og minni fyrirhöfn og viðskiptakostnaður yrði við að afla veiðiheimilda en áður. kvótapiing gæti því skapað hvata til aukinnar sérhæfingar og hagkvæmni.

Samkvæmt frumvarpinu um Kvótapiing var gert ráð fyrir að meginreglan yrði að viðskipti á Kvótapiingi væru forsenda flutnings aflamarks milli skipa sem ekki væru í eigu sömu útgerðar. Í frumvarpinu var kveðið á um að flutningur aflamarks milli skipa í eigu sömu útgerðar og jöfn skipti á aflamarki gætu eftir sem áður farið fram utan Kvótapiings. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila eiga sér ekki stað viðskipti og þótti því ekki ástæða til að láta þann flutning fara um Kvótapiing. Hugtakið "sami aðili" bar að skýra þröngt. Það tekur aðeins til sama einstaklings eða sömu lögpersónu. Móður- og dótturfyrirtæki teljast ekki sami aðili. Þá þurfa skip að vera í "eigu" sama aðila. Með þessu var átt við að aðilinn yrði að hafa beinan eignarrétt bæði að því skipi sem flutt er frá og því sem flutt er til og dugði ekki að hann hafi skip á leigu eða kaupleigu í þessu sambandi. Varðandi jöfn skipti á aflamarki var lagt til að miða skyldi verðmætahlutföll við meðaltalsviðskiptaverð á Kvótapiingi í undanliðinni viku. Þar sem viðskipti með aflamark af ákveðnum tegundum voru svo lítil vitist óraunhæft að gera viðskipti með þær tegundir á Kvótapiingi að skyldu.

Samkvæmt eldri lögum var gerður munur á flutningi aflamarks milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð og öðrum flutningi og var krafist umsagnar sveitarstjórnar og sjómannafélags í viðkomandi verstöð í síðarnefnda tilvikinu. Á Kvótapiingi vita kaupendur og seljendur ekki hvor af öðrum og því var ekki hægt að setja skilyrði fyrir flutningi aflamarks eftir því hver kaupandinn væri. Því var lagt til að þetta ákvæði yrði fellt niður.

Ljóst þótti að með stofnun Kvótapiings yrðu talsverðar breytingar á starfsumhverfi þeirra sem stunda útgerð frá því sem þá var. Útgerðarfyrirtæki þyrftu að sjálfsögðu að laga sig að breyttu fyrirkomulagi og skipuleggja flutning aflamarks með meiri fyrirvara en áður. Margt benti til þess að meiri hagkvæmni í sjávarútvegi gæti náðst með tilkomu Kvótapiings og að auki stuðlað að bættum samskiptum útgerða og sjómanna til framtíðar.



## Úr kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna:

### 1.26. Um sölu aflans.

#### I. Almenn.

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1986, sbr. 10. gr. laga nr. 79/1994 um breytingu á lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun með síðari breytingum.

Eftirfarandi ákvæði eiga ekki við í þeim tilvikum, þegar afli er seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmarkaði.

Útgerðarmaður skal hafa samráð við fulltrúa, sem kjörinn er af áhöfn í einfaldri kosningu, um áformaða sölu aflans fyrir a.m.k. mánuð í senn, og gera honum grein fyrir fyrirbyggjandi upplýsingum um sölu og fiskverð.

Útgerðarmaður og áhöfn skulu gera sín í milli samning um fiskverð, þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu, þ.e.a.s. í viðskiptum milli skyldra aðila. Til að slíkur samningur öðlist gildi, skal hann staðfestur í leynilegri atkvæðagreiðslu áhafnar og að því loknu undirritaður af fulltrúum áhafnar og útgerðar. Samningurinn skal vera í stöðluðu formi, þar sem fram komi m.a. verð einstakra fisktegunda, gildistími, uppsagnarákvæði o.s.f.r.v.

Telji meirihluti áhafnar sig ekki eiga kost á samningi um sanngjarnt fiskverð samkvæmt framanskráðu, skal leita úrskurðar nefndar, sem samtök sjómanna og útvegsmanna koma sér saman um að skipuð verði. Með skyldum aðilum er átt við að útgerð og vinnsla séu í ráðandi eigu sömu aðila.

#### II. Úrskurðarnefnd.

Úrskurðarnefndin skal skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila og oddamanni sem skipaður er af sjávarútvegsráðherra að höfðu samráði við samningsaðila. Nefndin skal láta í té rökstutt álit á því hvort tillaga að fiskverði víki frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun aflans. Skal þá taka tillit til fiskverðs í nærliggjandi byggðalögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum svo og horfa um þróun afurðaverðs og þá m.a. styðjast við tiltækar upplýsingar um fiskverð sem unnar eru fyrir samningsaðila (verðskrár Samstarfsnefndar sjómanna og útvegsmanna).

Náist ekki samkomulag milli fulltrúa samtaka sjómanna og útvegsmanna í úrskurðarnefndinni innan 14 daga frá því mál er lagt fyrir hana, skal kveðinn upp úrskurður innan 7 daga og gildir hann þá frá því nefndinni barst málið til úrlausnar. Samkomulag eða úrskurður nefndarinnar skal gilda í allt að 3 mánuði eftir nánari ákvörðun hennar. Samkomulag eða úrskurður nefndarinnar er bindandi fyrir aðila á gildistímanum og skal lúta almennum réttarfarsreglum um samningsbundna gerðardóma, sbr. lög nr. 53/1989.

#### III. Um ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila.

Þegar afli er seldur milli óskyldra aðila, skal skipt úr því verði sem fyrir aflann fæst hverju sinni, sbr. 1 mgr. I. kafla. Ef afli er seldur beint milli óskyldra aðila án milligöngu innlendra eða erlendra fiskmarkaða, getur áhöfn krafist samnings um uppgjörsverð fyrir þann afla.

Kjósi áhöfn að kalla eftir slíkum samningi, skal það gert með minnst fimm sólarhringa fyrirvara og skal samningstími ekki vera lengri en þrjú mánuðir. Náist ekki samkomulag um uppgjörsverð milli meirihluta áhafnar og útgerðar, skal vísa málinu til úrskurðar nefndar, skv. II. kafla, og skal þá taka tillit til heildarráðstöfunar aflans. Nefndin skal flýta störfum eins og kostur er og náist ekki samkomulag innan sjö sólarhringa skal kveðinn upp úrskurður innan fjögurra sólarhringa. Fiskverð skv. þessu skal gilda frá því úrskurður fellur, nema samkomulag sé um annað.



## **Frumvarp um Verðlagsstofu skiptaverðs**

Með öðru frumvarpi var lagt til að lögfest yrðu ákvæði um Verðlagsstofu skiptaverðs og að ákvæðum eldri laga um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna yrði breytt til samræmis. Frumvarpið var samhljóða drögum sem nefndin til að fjalla um atriði tengd kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna hafði samið. Verðlagsstofa skiptaverðs skyldi starfa í nánnum tengslum við úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Hlutverk stofunnar er að stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna. Stofunni var falið að afla ítarlegra gagna um fiskverð og vinna úr þeim upplýsingum. Útvegsmönnum var gert skylt að senda Verðlagsstofunni alla fiskverðssamninga milli áhafna og útvegsmanna og Fiskistofu að láta stofunni í té allar nauðsynlegar upplýsingar. Nokkurrar tortryggni hafði gætt hjá forustumönnum samtaka sjómanna varðandi það hvort raunverulegt söluverð afla hafi í öllum tilvikum lagt til grundvallar hlutskiptum á þann hátt sem lög og kjarasamningar kveða á um. Verðlagsstofu átti að fylgjast með þessu, m.a. með úrtakskönnunum. Meginhlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs skyldi vera að fjalla um skiptaverð í einstökum tilvikum. Viki fiskverð við uppgjör á aflahlut sjómanna í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði, að teknu tilliti til stærðar og gæða, skyldi Verðlagsstofa skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefndina var í meginatriðum samkvæmt ákvæðum fyrri laga um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, sem höfðu verið sett árið 1995. Nefndinni var ætlað að úrskurða í fiskverðsdeilum milli þeirra. Íupphafi voru forystumenn sjómanna ánægðir með störf hennar en síðar kom í ljós að það hamlaði starfseminni að sjómenn áttu oft bágt með að leita eftir úrskurði vegna ótta um að það kæmi niður á atvinnumöguleikum þeirra. Þetta var talin meginskýringin á því að tiltölulega fá mál komu til úrskurðar í nefndinni. Nefndin sem vann að lausn kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna árið 1998 lagði því til að á fót yrði komið Verðlagsstofu skiptaverðs. Stofan skyldi hafa yfirsýn yfir það hvort almennum leikreglum væri fylgt og hafa frumkvæði að því að afla gagna og leita eftir úrskurði um réttmæti aðgerða ef þörf þætti á því. Var nefnt að slíkt eftirlit tíðkaðist á vegum hins opinbera og sérstaklega vitnað til samkeppnislaga.

## **Frumvarp um aukna veiðiskyldu**

Þriðja frumvarpið lagði til að gerðar yrðu breytingar á 12. gr. fiskveiðistjórnarlaga um framsal aflamarks til samræmis við tillögur í frumvarpi til laga um Kvótapiing. Jafnframt var lagt til að veiðiskylda yrði aukin þannig að skip þyrfti að veiða 50% af samanlögðu aflamarki sínu á hverju fiskveiðiári en missi ella leyfi til veiða í atvinnuskyni og aflahlutdeild. Frumvarpið var samhljóða þeim drögum sem samin var af nefndinni til að fjalla um atriði tengd kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna.

Samkvæmt eldri lögum um stjórn fiskveiða var almennt skilyrði fyrir flutningi aflamarks að það skip sem flutt var til hefði aflahlutdeild af þeirri tegund sem flutt er. Fiskistofa hafði heimild til að víkja frá þessu skilyrði og voru frávikin í reynd svo mörg að reglan var aðeins virk varðandi tiltölulega fáar tegundir. Var því lagt til að hið almenna skilyrði yrði í ljósi þessarar framkvæmdar fellt niður en ráðherra þess í stað heimilt að ákveða með reglugerð um hvaða tiltekna tegundir þetta skyldi gilda.

Í frumvarpinu var lagt til að leyfi skips til veiða í atvinnuskyni og aflahlutdeild þess falli niður ef það veiðir ekki a.m.k. 50% af samanlögðu aflamarki sínu á hverju



fiskveiðiári. Samkvæmt eldra ákvæði þurfti að veiða a.m.k. 50% aflamarks annað hvert ár. Þá var lagt til að óheimilt yrði að veita skipi sem ekki veiðir 50% af aflamarki sínu eitthvert fiskveiðiár veiðileyfi á næstu þremur fiskveiðiárum þótt skilyrðum væri að öðru leyti fullnægt. Var þetta gert til að koma í veg fyrir að unnt væri að komast hjá ákvæðinu með því að flytja veiðileyfi af skipi í lok fiskveiðiárs og síðan til baka í upphafi þess næsta.

Aukin veiðiskylda átti að stuðla að því að aflahlutdeild yrði eingöngu á skipum sem stunduðu reglubundnar fiskveiðar. Breytingin var talin myndu stuðla að því að aflahlutdeild yrði færð til þeirra skipa sem veiðarnar stunda og því draga úr umfangi óeðlilegra aflamarksflutninga, en tengsl þeirra við fiskverð tiluppgjör á aflahlut sjómanna höfðu verið í brennidepli í kjaradeilum sjómanna og útvegsmanna. Mikilvægt var talið að aukin veiðiskylda drægi ekki úr sveigjanleika fiskveiðistjórnarkerfisins, t.d. með því að draga úr möguleikum einstakra útgerða til að hagræða í rekstri. Þá mátti það ekki draga úr möguleikum nýrra aðila til að hasla sér völl í útgerð, en talið var að margir byrjuðu á að festa kaup á skipum með litlar aflaheimildir og þurftu því að reiða sig á nægjanlegt framboð aflamarks. Með tillögunni um 50% veiðiskyldu á hverju ári var talið að jafnræði væri tryggt milli þessara sjónarmiða.

Í meðferð sjávarútvegsnefndar Alþingis á frumvarpinu um breytingar á lögnum um stjórn fiskveiða (aukna veiðiskyldu) komu fram tillögur til breytinga. Lagt var til að breytt yrði ákvæðum um veiðiskyldu þannig að væri óbreytt frá fyrri lögum um stjórn fiskveiða. Á móti var hins vegar lagt til að sett yrði inn ákvæði í lögina sem takmörkuðu framsalsheimild eiganda fiskiskips við það að einungis væri heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar þess. Var talið að þannig mætti ná fram sömu markmiðum og stefnt var að með tillögunni um aukna veiðiskyldu. Þessi aðferð var talin gera þeim sem við skerðingarnar ættu að búa auðveldara fyrir.

Einnig var lagt til að bætt yrði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða sem tryggði aðilum heimild til að flytja aflamark milli skipa innan sömu útgerðar ef um kaupleigu eða leigu var að ræða, þrátt fyrir sérstök eignarréttarákvæði þeirrar tegundar samninga án þess að þurfa að fara í gegnum Kvótaþingið. Sá fyrirvari var þó á slíku að leigusamningur varð að hafa verið gerður fyrir gildistöku laganna.

Þá lagði sjávarútvegsnefnd til að bætt yrði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða sem gerði sjávarútvegsráðherra skylt að leggja fyrir Alþingi skýrslu fyrir árslok 1999 þar sem gerð væri grein fyrir áhrifum þeirra breytinga sem frumvarpið fól í sér á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega hvað varðar stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Lagði nefndin til að sambærileg bráðabirgðaákvæði yrðu einnig í lögum um Kvótaþing og Verðlagsstofu skiptaverðs.

Í afgreiðslu Alþingis á frumvarpinu var í ofanefndu farið að álit meirihluta sjávarútvegsnefndar.



## 2. Verðlagsstofa skiptaverðs

Með lögum nr. 13 frá 27. mars 1998, lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, er Verðlagsstofu skiptaverðs komið á fót. Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hafði hins vegar orðið til í framhaldi af lausn kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna árið 1995 og hafði starfað síðan. Verðlagsstofa skiptaverðs tók svo til starfa 1. júní 1998.

Hlutverk stofunnar er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á honum. Verðlagsstofan á að afla ítarlegra gagna um fiskverð og vinna sundurliðuð yfirlit um það þar sem miðað er við einstök landsvæði, tiltekna viðskiptahætti og stærðar- og gæðaflokka úr upplýsingunum. Verðlagsstofan á síðan að birta upplýsingar um fiskverð reglulega.

Fiskistofu og þeim aðilum sem fyrir hennar hönd safna upplýsingum um ráðstöfun afla og fiskverð er skylt að veita Verðlagsstofunni upplýsingar. Útgerð skipa er skylt að senda henni alla samninga um fiskverð sem gerðir eru milli útgerðar og áhafna. Verðlagsstofan getur einnig krafist sjómenn, útgerðir, kaupendur afla, flutningsaðila, fiskmarkaði, umboðsmenn og aðra þá sem milligöngu hafa um sölu á afla um allar nauðsynlegar upplýsingar. Verðlagsstofan getur krafist upplýsinga frá stjórnvöldum, þ.m.t. skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, og bönkum og sparisjóðum óháð þagnarskyldu þeirra. Verðlagsstofunni er þó skylt að gæta meðalhófsreglu og þess að kröfur um upplýsingar séu í samræmi við tilefni.

### Lagalegt hlutverk

Í lögum nr. 13/1998 segir um hlutverk úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna:

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hefur það hlutverk að ákveða fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar einstakra skipa svo sem nánar er kveðið á um í þessum kafla.

Og um um hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs segir:

Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Í kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna 1995 var kveðið á um að útgerðarmaður og áhöfn skuli gera sín á milli samninga um fiskverð þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu, þ.e. í viðskiptum skyldra aðila. Jafnframt eru ákvæði um að sé afli seldur milli óskyldra aðila geti áhöfn krafist að gerður verði samningur unuppgjörsverð fyrir þann afla. Loks er ákvæði um að sett skuli á fót sérstök úrskurðarnefnd sem fjalla skuli um þau tilvik þegar ekki næst samkomulag um fiskverð milli áhafnar og útgerðar.

Með lögum nr. 84/1995 var, að sameiginlegri beiðni samtaka sjómanna og útvegsmanna, sett á fót úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Samkvæmt þeim skyldi úrskurðarnefndin í ákvörðunum sínum taka mið af því fiskverði sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla miðað við verð í nærliggjandi byggðarlögum fyrir



sambærilegan fisk að stærð og gæðum. Allmörgum málum var skotið til nefndarinnar og lauk þeim ýmist með samkomulagi fulltrúa hagsmunaaðila í nefndinni eða úrskurði fullskipaðrar nefndar, en oddmaður var tilnefndur af sjávarútvegsráðherra.

Nokkuð skiptar skoðanir voru um ágæti þessa fyrirkomulags og hvort úrskurðarnefndin hefði gegnt hlutverki sínu á fullnægjandi hátt. Töldu samtök sjómanna að ekki hefði tekist til sem skyldi með störf nefndarinnar og að tilraunin til að leysa fiskverðsákvarðanir með samningum áhafna einstakra skipa og útgerðar hefði mistekist. Af þessum sökum var með lögum nr. 13/1998 gerð tilraun til að leysa fiskverðsákvarðanir með almennari hætti. Var með lögunum reynt að treysta grundvöll áhafnabundinna fiskverðssamninga þannig að komist yrði hjá því að sjómenn þurfi að þola óeðlileg frávík frá því fiskverði sem venjulegt er vegna þess að fiskvinnsla er í eigu sömu aðila og útgerð eða af öðrum ástæðum. Ekki var talið fært að leiða í lög almenn ákvæði um opinbera ákvörðun fiskverðs, né var það ósk deiluaðila.

Þó að nokkurrar óánægju hafi gætt með úrskurðarnefndina virtist sú óánægja ekki beinast að einstökum úrskurðum hennar, þótt það leiði af eðli máls að þeir hlytu jafnan að vera umdeilanlegir. Óánægjan hafði fyrst og fremst beinst að því að fáum málum var skotið til nefndarinnar. Á það var bent að aðstaða áhafna til að afla upplýsinga um verð á fiski var talin örðug og var talið að ráða mætti á þessu bót með einföldum hætti.

Með lögum nr. 13/1998 var lögfest ákvæði um Verðlagsstofu skiptaverðs og ákvæðum fyrri laga um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna breytt til samræmis við það. Hin nýja Verðlagsstofa skiptaverðs skyldi starfa í nánnum tengslum við úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, með það hlutverk að stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna. Stofunni var falið að afla ítarlegra gagna um fiskverð og vinna úr þeim upplýsingum, en þetta hlutverk var áður í höndum úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna sem ekki hafði bolmagn til að sinna því sem skyldi. Í lögunum er kveðið á um að útgerð skips sé skylt að senda Verðlagsstofu án tafar alla fiskverðssamninga. Eftirlit óháðs aðila með því að raunverulegt söluverðmæti væri lagt til grundvallar uppgjöri á aflahlut átti að uppræta þá tortryggni sem gætt hafði af hálfu samtaka sjómanna varðandi þetta atriði. Þá var það einnig ætlunin að styrkja með þessu grundvöll áhafnabundinna fiskverðssamninga.

Kjarninn í störfum Verðlagsstofu skiptaverðs skyldi vera umfjöllun um skiptaverð í einstökum tilvikum. Ef fiskverð við uppgjör á aflahlut sjómanna viki í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði, að teknu tilliti til stærðar og gæða, skyldi Verðlagsstofu rétt og skylt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna.

### **Starftilhögun og málsmeðferð**

Verðlagsstofa skiptaverðs á að kanna, m.a. með úrtakskönnun, að rétt verðmæti afla sé lagt til grundvallar við uppgjör á aflahlut sjómanna. Með þessu eftirliti ætti að vera tryggð sú vissa áhafna að uppgjör byggist jafnan á réttum forsendum og tortryggni því eytt. Ef Verðlagsstofa telur að misræmi sé milli gagna um söluverðmæti afla og þess verðs sem lagt er til grundvallar hlutaskipta og að ekki séu fram komnar fullnægjandi skýringar, tilkynnir hún útgerð og áhöfn þá niðurstöðu sína með rökstuddu álitni og nauðsynlegum gögnum.



Samkvæmt kjarasamningum útgerðarmanna og sjómanna skulu gerðir samningar um fiskverð milli útgerðar og áhafnar hvers skips ef afli er seldur aðila skyldum útgerðinni. Þá getur áhöfn kallað eftir slíkum samningi ef afli er seldur óskyldum aðila. Ef samningar takast ekki má skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna sem úrskurðar þá um fiskverð.

Verðlagsstofa skiptaverðs getur sem óháður aðili skotið málum að eigin frumkvæði til úrskurðarnefndar ef hún telur fiskverð við uppgjör á aflahlut víkja í verulegum atriðum frá því sem algengast er í sambærilegum tilvikum. Aðdragandi að könnun Verðlagsstofu á einstöku máli getur hvort sem er verið ábending utan frá eða vísbendingar um óeðlileg frávik í fiskverði úr gögnum sem safnað er. Áhöfn eða einstakir skipverjar þurfa á engan hátt að vera bendlaðir við málið. Telji stofan ástæðu til málskots leggur hún málið fullbúið til ákvörðunar ásamt öllum upplýsingum fyrir úrskurðarnefndina. Telji Verðlagsstofa ekki ástæðu til málskots fær úrskurðarnefndin aldrei vitneskju um frumathugunina. Mál sem skotið er til nefndarinnar fer fyrst fyrir fulltrúa heildarsamtaka hagsmunaaðila, en náist ekki samkomulag fer málið til fullskipaðrar nefndar. Úrskurðarnefndin getur einnig fjallað um mál sem heildarsamtök hagsmunaaðila skjóta til hennar vegna þess að ekki næst samkomulag um fiskverðssamning milli áhafnar og útgerðar.

Úrskurðir nefndarinnar eru framvirkir. Komist nefndin að því að lágmarksverðsreglan hafi verið brotin kveður hún upp úrskurð um að um tiltekinn tíma, allt að þremur mánuðum, skuli fylgt verði sem algengast er í hliðstæðum viðskiptum að teknullíti til aðstæðna allra.

### Starfsemi Verðlagsstofu skiptaverðs

Frá því að Verðlagsstofa tók til starfa í júní 1998 hafa starfshættir hennar verið í mótnun. Lögin um Verðlagsstofu kveða á um hlutverk hennar, en stjórnandi og starfsmenn stofunnar hafa síðan þurft að ákveða nánar markmið og áherslupætti í störfum hennar. Forstöðumaður stofunnar hefur skilgreint starfsemi hennar á þann hátt, að Verðlagsstofan eigi að vinna með útvegs mönnum og sjómönnum, en ekki til höfuðs þeim. Verðlagsstofan er ekki hefðbundin ríkisstofnun og tilvist hennar, a.m.k. í umsjón ríkisvaldsins, hlýtur að vera bráðabirgðalausn í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Stofan hefur í eigin athugunum reynt að feta hinn vandrataða meðalveg, til þess að skapa víðtæka samstöðu um starfsemi hennar.

Til að sinna hlutverki sínu þarf Verðlagsstofa að safna saman upplýsingum um fiskverð og afurðaverð. Stofan fær því til sín upplýsingar frá þeim opinberu stofnunum sem halda utan um slíkar upplýsingar, s.s. Þjóðhagsstofnun, Fiskistofu og Fiskifélaginu. Helsti gallinn við þessi gögn sem Verðlagsstofa fær er að þau eru yfirleitt orðin 4-10 vikna gömul og því jafnvel orðin úrelt. Auk þess fær stofan til sín fiskverðssamninga útgerða og áhafna. Verðlagsstofan vinnur síðan úr þessum upplýsingum og birtir m.a. upplýsingar um fiskverð og afurðaverð á vefsíðu sinni (<http://verdlagsstofa.is>).

Á vefsíðum Verðlagsstofu má fá upplýsingar um verð og verðþróun helstu fisktegunda frá árinu 1997. Upplýsingar þessar eru mjög ítarlegar, m.a. má sjá verð í beinum samningum og á fiskmörkuðum, miðað við slægðan og óslægðan fisk, eftir veiðarfærum og landsvæðum. Þá er einnig hægt að biðja um upplýsingarnar á töfluformi og á myndrænu formi. Einnig er þar að finna upplýsingar um afurðaverð helstu tegunda og að auki má sjá afurðaverð eftir vinnsluaðferðum. Þá hefur vefsíðan



einnig að geyma upplýsingar um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, m.a. úrskurði nefndarinnar.

Þegar Verðlagsstofa hefur unnið úr þeim gögnum sem henni berast frá hinum ýmsu aðilum getur hún rannsakað þau tilvik þar sem ætla má að fiskverð viki frá því sem algengast getur talist. Til að sinna þessu hlutverki sínu þarf stofan að ákveða viðmiðunarverð einstakra fisktegunda út frá meðalverði á því svæði sem um ræðir. Fiskverðssamningarnir gefa henni upplýsingar um þessi verð og er þá einnig tekið mið af veiðarfærum, meðalþyngd afla o.fl. Loks verður stofan að ákveða hvað telst verulegt frávik.

Við rannsókn tekur Verðlagsstofa tillit til ýmissa þátta og má þar nefna:

- Að samningur segir til um hærra verð heldur en raunverulega greitt verð, og aflahlutir fara eftir samningi en ekki greiddu fiskverði.
- Að viðkomandi bátur er með afbrigðilega samninga, t.d. lágt verð en hagstæðari hlutaskipti en gengur og gerist.
- Að afli með lágu verði er í óverulegu magni.

Verðlagsstofa tekur hins vegar ekki tillit til eftirfarandi þátta:

- Að hluti af afla er seldur á hagstæðara verði en gengur og gerist í beinum viðskiptum, t.d. gámaútflutningur eða sala á fiskmarkaði.
- Að meirihluti áhafnar er samþykkuð greiddu fiskverði og samningi.
- Að heildarkvóti skips er mikill eða lítill (árslaun sjómanna).
- Að lágt fiskverð stafi af kvótakaupum, slæmri rekstrarlegri stöðu, fjárfestingum, eða öðrum ástæðum.
- Að kvótakaup og lægra fiskverð gætu hugsanlega fært sjómönnum betri ársafkomu en þeir hefðu ella.

Verðlagsstofa verður þannig að meta hverja einstaka athugun á eigin forsendum og taka síðan ákvörðun um hvort til málskots komi eða ekki. Fiskverðsmál hvers báts eru einnig skoðuð í heild sinni m.v. ofantalin atriði. Fiskverðssamningar sjómanna og hinna ýmsu útgerða eru oft nokkuð ólíkir. Í mörgum samningum er kveðið á um fast verð, stundum miðað við stærð og gæði, á þeirri fisktegund sem ætluð er að verði uppistaða í afla, en verð á öðrum afla er oft markaðstengt að hluta eða öllu leyti. Í öðrum samningum er verð á öllum afla markaðstengt að hluta eða öllu leyti. Í nokkrum tilvikum er samningsverð annað en það verð sem afli er seldur á og stundum er skiptahlutfall sjómanna hærra. Loks má nefna samkomulag sjómanna og útgerða um að hluti ársafli skips sé seldur erlendis, t.d. settur í gáma.

Þegar Verðlagsstofa hefur eitthvað að athuga við tiltekna fiskverðssamninga er fyrirspurn gerð til viðkomandi útgerða. Í nokkrum tilvikum þar sem fyrirspurn hefur verið send hefur nýr samningur með hærra fiskverði verið gerður. Fyrirspurn getur því virkað eins og óbein íhlutun eða áminning, um að hækka fiskverð. Fyrirspurn frá Verðlagsstofu er þó ekki alltaf nægileg til að nýr samningur líti dagsins ljós og er þá málum vísað til úrskurðarnefndar. Viðmiðunarmörk stofunnar verða með þessu smám saman ljós og væntanlega notuð sem lágmarksverð þar sem þurfa þykir. Segja má að Verðlagsstofa hafi ákveðna tregðu í því að brjóta upp samninga sem smíleg sátt virðist um, þó hún reyni að gæta að því að ekki skapist fordæmi fyrir óeðlilega lágt verð.



**Þegar Verðlagsstofa var sótt heim (október 1999) vegna vinnslu skýrslu þessarar hafði stofan skráð 33 mál til athugunar, það sem af var árinu, og vörðuðu 7. gr. laganna, þ.e. fiskverð. Hér á eftir er stutt yfirlit um niðurstöður Verðlagsstofu:**

Af máluðum 33 höfðu 3 þeirra borist frá sjómönnum eða samtökum þeirra. Hin 30 málin, er vörðuðu 41 fiskiskip voru tekin upp að frumkvæði Verðlagsstofu, öll vegna verðs á þorski. Engu þessara mála hafði verið vísað til úrskurðarnefndarinnar. Ástæður voru margvíslegar, en samandregið helst þessar:

Verð hjá 7 bátum var á "mörkunum", þ.e. mat stofunnar á þeim tíma sem málin voru afgreidd var að mjög vafasamt væri að úrskurður nefndarinnar hefði breytt fiskverði. Auk þess komu engar undirtektir frá sjómönnum, en í allflestum tilvikum hafði fyrirspurn verið send samhljóða til útgerðar og áhafnar. Málslok voru jafnframt send öllum skráðum skipverjum og útgerð.

Hjá öðrum 7 bátum voru sendir inn nýir samningar í kjölfar fyrirspurnar Verðlagsstofu, eða að þeir höfðu ekki verið sendir inn áður. Í þremur samninganna var nýlegur úrskurður úrskurðarnefndar notaður sem viðmið.

Hjá öðrum 5 bátum fengu skipverjar greitt miðað við samning en ekki greitt fiskverð. Greitt fiskverð í öllum þessara tilvika vék langt frá því sem eðlilegt gat talist, en skv. 7. gr. laga um stofuna segir að það fiskverð skipti máli sem notað er við uppgjör og það var hærra, en þó á "mörkunum".

Hjá 3 bátum höfðu orðið eigendaskipti eða bátarnir hættir í bili á viðkomandi veiðiskap og því hefði ekki verið hægt að breyta neinu, enda eru úrskurðir framvirkir.

Hjá 6 bátum var einstaka verð í samningum lægra en almennt gat talist, en meðalverð þessara báta var vel yfir viðmiðunarmörkum og í sumum tilvikum yfir almennu meðalverði. Hjá öðrum 5 bátum var óverulegt magn selt á lægsta verði samnings.

Hjá 2 bátum var máluðum ekki vísað til úrskurðarnefndar, þrátt fyrir lág verð, þar sem afbrigðilegir samningar kváðu á um hærri hlutaskipti (aukahluti) til áhafna en kjarasamningar kveða á um. Hjá 1 bát stóð meirihluti áhafnar, 3 af 4, að útgerð bátsins, 2 bátar voru undir 12 brl. og hjá 3 bátum var um misskilning að ræða, óskýran samning og annað.

**Þegar Verðlagsstofa var sótt heim (október 1999) vegna vinnslu skýrslu þessarar hafði stofan skráð 7 mál til athugunar, það sem af var árinu, og vörðuðu 6. gr. laganna, þ.e. misræmismál. Hér á eftir er stutt yfirlit um niðurstöðu stofunnar:**

Af þessum 7 málum hafði Verðlagsstofa afgreitt 6 mál, þ.e. sent áhöfn og útgerð upplýsingar um misræmið. Í einu máli kom í ljós við rannsókn að ekki var um misræmi að ræða. Í öðru máli var um framhald af máli frá fyrra ári að ræða, en nú voru fleiri tímabil tekin til athugunar. Allt stefndi hins vegar í að 4 mál væru á leið eða farin til lögfræðinga.


**Þegar Verðlagsstofa var sótt heim (október 1999) vegna vinnslu skýrslu þessarar hafði stofan skráð 42 mál til athugunar, það sem af var árinu. Hér á eftir eru dregnar ályktanir af þeim, ásamt ýmsum gögnum stofunnar og viðtölum:**

- Ísfisktogarar, jafnvel þeir sem mikinn kvóta hafa, eru með verð á mörkum þess að það teljist ekki verulegt frávik. Nokkrir ísfisktogarar leigja til sín kvóta og eru þeirra verð yfirleitt lægst í þessum skipaflokki.
- Kvótakaup fiskverkenda eru staðreynd og fiskverðsmál flækt af þeim ástæðum.
- Ekkert virðist því til fyrirstöðu að fiskverkendur greiði sjálfir kvóta skipa sem hjá þeim landa.
- Þetta vekur upp spurningar um gagnsemi Kvótapiðings.

Verðlagsstofa hefur frá stofnun tekið 82 mál til athugunar er varða 136 skip. Af þeim voru árið 1998 tekin 26 mál til athugunar er vörðuðu 70 skip og árið 1999 voru 56 mál tekin til athugunar er vörðuðu 66 skip. Í 66 málum var fiskverð kannað, í 13 málum var meint misræmi rannsakað, en 3 mál voru af öðrum ástæðum. Athuganirnar hafa verið framkvæmdar vegna ábendinga, formlegra og óformlegra, og einnig að frumkvæði stofunnar sjálfar.

Úrskurðanefnd hefur á þessum tíma (til ársloka 1999) úrskurðað í 12 málum, samkomulag hefur orðið í 6 málum, 2 málum hefur verið vísað frá og eitt dregið til baka. Málsskot frá samtökum sjómanna voru 15 og vörðuðu 20 skip, en málsskot frá Verðlagsstofu voru 4 og vörðuðu 7 skip. Í töflu 2.1 má sjá yfirlit mála hjá úrskurðarnefnd frá upphafi.

Mynd 2.1. Vinnuferli Verðlagsstofu





## Tafla 2.1. Yfirlit yfir mál úrskurðarnefndar frá upphafi

### Til úrskurðarnefndar bárust 16 mál árið 1995

- Samkomulag varð í sjö málum, þremur málum lauk með beinu samkomulagi milli aðila og úrskurðað var í sex málum.
- Fimm mál voru vegna rækju og ellefu vegna ísfisks.
- Í öllum tilvikum óskuðu áhafnir eftir að málið færi fyrir nefndina.
- Í þremur málum mynduðu fulltrúar sjómanna ásamt formanni meirihluta og í þremur málum fulltrúar útvegsmanna ásamt formanni.

### Til úrskurðarnefndar bárust 14 mál árið 1996

- Samkomulag varð í fjórum málum, tveimur málum lauk með beinu samkomulagi milli aðila og úrskurðað var í átta málum.  
Átta mál voru vegna rækju, tvö vegna ísfisks og fjögur vegna loðnu og síldar.
- Í tólf málum óskuðu áhafnir eftir að málið færi fyrir nefndina og útvegsmenn í tveimur málum.
- Í fimm málum mynduðu fulltrúar sjómanna ásamt formanni meirihluta og í þremur málum fulltrúar útvegsmanna ásamt formanni.

### Til úrskurðarnefndar bárust 4 mál árið 1997

- Samkomulag varð í tveimur málum, einu máli lauk með beinu samkomulagi milli aðila og úrskurðað var í einu máli.
- Tvö mál voru vegna rækju og tvö vegna loðnu og síldar.
- Í öllum tilvikum óskuðu áhafnir eftir að málið færi fyrir nefndina.
- Í einu máli mynduðu fulltrúar sjómanna ásamt formanni meirihluta.

### Til úrskurðarnefndar bárust 11 mál árið 1998 er vörðuðu 14 skip

- Samkomulag varð í tveimur málum, einu máli lauk með beinu samkomulagi milli aðila, úrskurðað var um fiskverð í sjö málum og einu máli var vísað frá.
- Fjögur mál voru vegna rækju, tvö vegna ísfisks, þrjú vegna síldar, eitt vegna skelfisks og eitt mál vegna samningaumboðs.
- Í sjö málum óskuðu áhafnir eftir að málið færi fyrir nefndina og Verðlagsstofa í fjórum málum.
- Í fjórum málum mynduðu fulltrúar sjómanna ásamt formanni meirihluta og í þremur málum fulltrúar útvegsmanna ásamt formanni.

### Frá úrskurðarnefnd hafa verið afgreidd 10 mál árið 1999 er vörðuðu 14 skip

- Samkomulag varð í tveimur málum, einu máli lauk með beinu samkomulagi milli aðila, úrskurðað var um fiskverð í fimm málum, einu máli var vísað frá og eitt mál var dregið til baka.
- Sjö mál voru vegna ísfisks, eitt vegna ísrækju og tvö vegna síldar.
- Í öllum tilvikum óskuðu áhafnir eftir að málið færi fyrir nefndina.
- Í þremur málum mynduðu fulltrúar útvegsmanna ásamt formanni meirihluta og fulltrúar sjómanna í tveimur málum ásamt formanni.

## Áhrif af starfsemi Verðlagsstofu skiptaverðs

Það er nokkrum vandkvæðum bundið að meta áhrifin af starfsemi Verðlagsstofu. Hennar hlutverk er í raun tvenns konar. Annars vegar að safna og vinna úr upplýsingum um fiskverð og afurðaverð fyrir úrskurðarnefndina. Hins vegar er það einnig hlutverk hennar að fylgjast með því að sjómenn fái hlut sinn rétt upp gerðann og á eðlilegu gangverði fisks, að teknu tilliti til gæða og stærðar afla.

Að því er fyrri hlutverkið varðar, virðist sem hagsmunaðilar séu sáttir við störf stofunnar og að hún vinni vel úr þeim gögnum sem henni berast. Þessi vinna stofunnar hefur auðveldað störf úrskurðarnefndar að hluta, þ.e. að því leyti er verð á afla og afurðum skiptir máli fyrir úrskurði nefndarinnar. Á hinn bóginn virðist þessi gagnaöflun og gagnavinnsla ekki hafa leitt til þess að hagsmunaaðilar komist frekar að samkomulagi í einstökum málum.

Almennt virðist líka vera ánægja með það hvernig stofan kemur upplýsingum á framfæri, en til þess hefur stofan opnað vefsíðu með gagnagrunni upplýsinga um fisk- og afurðaverð.

Hvað seinna hlutverk stofunnar varðar, virðast hagsmunaðilar einnig tiltölulega sáttir með störf hennar. Stofan virðist starfa á jafnan en skilvirkan hátt. Hún innkallar fiskverðssamninga, vinnur vel úr þeim upplýsingum sem henni berast um verð, gerir reglulegar úrtakskannanir og sendir fyrirspurnir til útgerða þegar hún telur það eiga við. Fyrirspurn til útgerðar, ein og sér, leiðir stundum til þess að fiskverð hækkar hjá henni í kjölfarið, þ.e. nýr fiskverðssamningur er gerður. Með þessu leysast einhver mál og þurfa þá ekki að koma til kasta úrskurðarnefndar.

Það sem helst er gagnrýnt er, að upplýsingar um verð í beinum viðskiptum eru orðin frekar gamlar þegar þau koma til Verðlagsstofu, allt að 10 vikna gömul verð. Þá vinnur stofan úr þessum gögnum og sendir fyrirspurn til útgerðar, ef tilefni er. Útgerðin þarf að sjálfsgöðu einhvern tímafrest til að svara fyrirspurninni. Þetta leiðir til þess að ef stofan telur að fiskverð einhvers aðila sé ótillega lágt og vísar málinu til úrskurðarnefndar, líða 3 mánuðir hið minnsta frá því fiskurinn er seldur og þar til úrskurðað er. Ef úrskurðað er um hækkun fiskverðs, þá gildir sá úrskurður aðeins framvirkt. Þannig geta útgerðir hugsanlega notfært sér þessa töf á upplýsingastreymi og ástundað þá hegðun að hækka fiskverð lífliga í hvert sinn sem fyrirspurn berst. Með því móti kaupa þær sér frest þar til þær lenda aftur í úrtaki. M.a. af þessum sökum telur Verðlagsstofa nauðsynlegt sé að upplýsingar um fiskverð í beinni sölu berist henni fyrir.

Annað gagnrýnisatriði beinist að viðmiðunarverði Verðlagsstofu. Gagnrýnin virðist annars vegar beinast að því að stofan gefur ekki út verðgólf eða lágmarksverð, en hins vegar að túlkun á því hvað teljist sambærileg ráðstöfun afla. Fyrri gagnrýnin á stofuna byggist, að því er virðist, á nokkrum misskilningi. Samkvæmt lögum um stofuna er það ekki hlutverk hennar að ákveða fiskverð. Hennar hlutverk er að kanna verðdreifingu og finna þannig eðlileg viðmiðunarmörk, sem þó geta verið mjög breytileg enda tillit tekið til veiðarfæra, gæða, stærðar og verðs í viðeigandi landshluta. Í raun setur því stofan mörg verð fyrir sumar fisktegundir, en jafnvel aðeins eitt verð fyrir aðrar. Verðlagsstofa gefur hins vegar ekki út þessi verð, enda telur stofan það hvorki hlutverk sitt né hafi hún heimild til þess samkvæmt lögnum.


Seinni gagnrýnin beinist að túlkun Verðlagsstofu á "sambærilegri ráðstöfun afla." Útvegsmenn og sjómenn greinir hér á um túlkun þessara orða í lagatextanum. Útvegsmenn telja að hér sé átt við afla sem seldur er í beinni sölu, en fulltrúar



sjómanna telja hins vegar að orðin eigi ekki við gerð sölunnar heldur vinnsluáferð. Bæði Verðlagsstofa og úrskurðarnefndin virðast framan af hafa túlkað ákvæði laganna eins og þau ættu við gerð sölunnar, en undanfarið virðist þó hafa orðið einhver breyting á túlkun þeirra. Í nýjasta úrskurði nefndarinnar er komist að niðurstöðu um fiskverð sem byggir á vegnu meðaltali verðs í beinni sölu og markaðssölu. Ætla má að Verðlagsstofa muni því fara að þessu fordæmi úrskurðarnefndarinnar.


Eðlileg spurning í framhaldi af ofansögðu, er hvort starf Verðlagsstofu hafi skilað sér í breyttri verðdreifingu og hærra meðalverði afla (sjá einnig viðauka B1 og B2).

Mynd 2.2. Verðdreifing á slægðum þorskafla, allt landið og öll veiðarfæri



Á mynd 2.2 má sjá verðdreifingu slægðs þorsks í beinni sölu, miðað við allt landið og öll veiðarfæri, í nóvembermánuði 1998 og 1999. Nokkur breyting virðist hafa orðið á verðdreifingu og meðalverð hefur einnig hækkað. Erfitt er þó að fullyrða um hvort störf Verðlagsstofu og úrskurðarnefndar hafi hér haft áhrif.


Mynd 2.3. Meðalverð á slægðum þorskafla í beinni sölu eftir veiðarfærum



Á mynd 2.3. má sjá meðalverð á slægðum þorskafla í beinni sölu eftir veiðarfærum á tímabilinu janúar 1997 til nóvember 1999. Meðalverð þorskafla allra veiðarfæra hefur hækkað á þessu tímabili, en mest þó hefur meðalverð á netþorski hækkað eða um rúmlega 50%. Frá ágúst 1998 hefur verð á netþorski líka hækkað heldur meira en


verð á þorski veiddum á línu og í botnvörpu. Verðlagsstofa skiptaverðs gerði viðamikla úttekt á verði þorskafla netabáta um og eftir áramótin 1998/1999. Þetta gerði stofan bæði af eigin frumkvæði en einnig vegna athugasemda frá öðrum aðilum. Í kjölfarið sendi stofan fyrirspurnir til nokkurra útgerða og leiddi það stundum til nýrra fiskverðssamninga. Mynd 2.3 virðist gefa til kynna að þessi störf Verðlagsstofu hafi skilað sér í hærra meðalverði netaþorsks og vel má vera að svo sé. Varlega verður þó að fara í að draga ályktanir sem þessa, enda varð mikil verðhækkun á söltuðum þorskafurðum á haustmánuðum 1998 sem hæglega getur útskýrt verðhækkun á netaþorski (sjá kafla 3).

Mynd 2.4. Verðdreifing á ferskri rækju í beinni sölu, allt landið



Á mynd 2.4 má sjá verðdreifingu á ferskri rækju, en hún er öll seld í beinni sölu. Hér hefur verðdreifingin breyst og meðalverð hækkað. Vera má að Verðlagsstofa og úrskurðarnefnd hafi hér haft áhrif á meðalverðið, en úrskurðað hefur verið hjá sumum stærstu rækjuútgerðar og-vinnslufyrirtækjum landsins á milli þeirra tímapakta sem sýndir eru á myndinni.

Mynd 2.5. Verð á slægðum þorski í beinni sölu og á fiskmörkuðum (kr/kg)



Á mynd 2.5 má sjá verðþróun á slægðum þorski í beinni sölu og á innlendum fiskmörkuðum. Miklar verðsveiflur eru á fiskmörkuðunum, mun meiri en í beinni



sölu. Á myndinni má sjá að bilið á milli verðs í beinni sölu og verðs á mörkuðunum hefur ekki minnkað.

Í töflu 2.2. má sjá meðalverð á þorskafla eftir veiðarfærum og sölugerð í nóvember 1999. Verðmunur milli beinnar sölu og markaðssölu er, eins og sjá má, allt frá 3% og upp í 113% eftir veiðarfærum.

Tafla 2.2. Þorskur - nóv. 1999			Magn	Meðalverð	Hlutfallslegur
			Tonn	kr/kg	verðmunur
Lína	Óslægður	Bein sala	1.399,8	84,90	53%
		Innl. markaðir	1.146,3	129,68	
	Slægður	Bein sala	2.615,1	87,38	46%
		Innl. markaðir	337,8	127,66	
Net	Óslægður	Bein sala	274,7	97,31	52%
		Innl. markaðir	217,8	147,58	
	Slægður	Bein sala	1.032,0	101,03	75%
		Innl. markaðir	391,5	177,17	
Handfæri	Óslægður	Bein sala	87,9	86,06	37%
		Innl. markaðir	31,0	117,80	
	Slægður	Bein sala	0,8	116,07	3%
		Innl. markaðir	3,2	119,57	
Dragnót	Óslægður	Bein sala	307,1	69,82	113%
		Innl. markaðir	380,6	148,77	
	Slægður	Bein sala	143,1	85,17	95%
		Innl. markaðir	67,6	166,25	
Botnvarpa	Slægður	Bein sala	4.992,0	83,18	71%
		Innl. markaðir	398,2	142,30	

Verðlagsstofa birti nýverið upplýsingar um verð á þorskafla sem landað var til vinnslu innanlands á tímabilinu nóvember 1998 til októberloka 1999. Á þessu tímabili var 18% af slægðum þorskafla landað á innlenda markaði, en 50% af óslægðum þorskafla. Ef óslægðum afla er breytt í slægðan þá er heildarmagn þorskaflans 153 þús. tonn, en þ.a. voru 111 þús. tonn (73%) seld í beinni sölu og 42 þús. tonn (27%) á mörkuðum. Í tölum Verðlagsstofu kemur m.a. fram að á tímabilinu er verð á slægðum þorski að meðaltali 60% hærra á mörkuðum en í beinni sölu, en 37% hærra á óslægðum þorski. Einnig kemur fram að verðmunur á milli beinnar sölu og markaðssölu er mismunandi eftir veiðarfærum. Verð á slægðum þorski veiddum í botnvörpu er 72% hærra á mörkuðum en í beinni sölu, en verðmunur á slægðum þorski veiddum á handfæri er 16%.

Athuganir Verðlagsstofu á fiskverði benda einnig til tengsla á milli lágs fiskverðs og aflamarksskaupa. Í einni slíkri athugun sem Verðlagsstofa gerði, en þar voru skoðuð aflamarksviðskipti skipa sem voru í sept. og okt. 1999 með lægstu meðalverð á þorskafla, m.v. veiðarfæraflokk, kom fram að stór hluti skipanna stundaði umtalsverð aflamarksskaup á s.l. fiskveiðiári. Í þessum hópi reyndust þó einnig vera skip með lítil eða engin aflamarksskaup, en þau voru færri. Í heild var hér um 51 fiskiskip að ræða og námu hrein viðskipti þeirra á Kvótapingi rúmlega 700 milljónum kr. fiskveiðiárið 1998/99, sem er rúmlega 20% af heildarviðskiptum á þinginu á því ári. Þá voru líka skoðuð aflamarksskaup skipa sem voru með hæstu meðalverð á þorskafla, m.v. veiðarfæraflokk skipsins. Stærri hluti þeirra skipa stundaði lítil eða engin

aflamarksskaup, þ.e. hrein aflamarksskaup. Samtals var hér um 30 fiskiskip að ræða og námu hrein viðskipti þeirra á Kvótaþingi um 100milljónum kr. fiskveiðiárið 1998/99. Höfundur skýrslunnar hér skoðaði ofangreind gögn Verðlagsstofu (ásamt gögnum frá Fiskistofu og Fiskifélagi Íslands) nánar og virðist sem tengsl lágs meðalverðs og aflamarksskaupa séu mest hjá skipum sem í upphafi fiskveiðiárs má flokka til kvótalítilla skipa. Sjaldgæfara er að kvótamikil skip stundi aflamarksviðskipti, en engu að síður eru nokkur kvótamikil skip með lág meðalverð.



### 3. Kvótáping

Með lögum nr. 11 frá 27. mars 1998, lög um Kvótáping, var tilboðsmarkaði fyrir aflamark komið á fót. Þann 1. september 1998 hóf síðan Kvótáping Íslands formlega starfsemi sína. Meginmarkmið laganna um Kvótáping var að gera viðskipti með aflamark sýnileg og auka skilvirkni í viðskiptum. Að baki lá einnig sú afstaða sjómanna að þeir væru með einum eða öðrum hætti að fjármagna kaup útgerða á aflamarki.

Hugmyndir um stofnun tilboðsmarkaðar fyrir aflamark komu fram í skýrslu nefndar sem unnin var í tengslum við kjaradeilur árið 1994. Í skýrslunni eru talin upp fjögur atriði sem sjómenn töldu hafa áhrif á skiptakjör:

1. Að fyrirtæki sem stunduðu fiskvinnslu og hefðu jafnframt yfir aflheimildum að ráða framseldu aflamark til kvótalátilla skipa gegn löndun á aflanum. Töldu sjómenn að í sumum tilvikum væri andvirði aflaheimildanna dregið frá andvirði aflans áður en til skipta kæmi.
2. Að fiskvinnslufyrirtæki eða fyrirtæki tengd fiskmörkuðum semdu við útgerðir um að framselja tiltekið aflamark til skipa í þeirra eigu með því skilyrði að skip útgerðarfyrirtækisins lönduðu helmingi meira aflamagni hjá fiskvinnslunni á verði undir markaðsverði sem næmi verðmæti aflaheimildanna.
3. Að sjómenn legðu í sérstaka sjóði til að taka þátt í kaupum útgerðarfyrirtækja á aflamarki.
4. Að við sölu afla væri andvirði keypra aflaheimilda dregið frá aflaverðmæti áður en kæmi til skipta.

Ein af niðurstöðum nefndarinnar 1994 var að starfsemi tilboðsmarkaðar myndi gera viðskipti með aflamark sýnilegri en fyrr og gæti komið í veg fyrir að hægt væri að blanda saman viðskiptum með aflamark og viðskiptum með afla, eins og nefnt er í tveim fyrstu atriðunum hér að ofan. Ekki var þó talið að starfsemi Kvótáping myndi leysa úr tveim seinni atriðunum. Í báðum þessum tilvikum ættu hins vegar þær fjárhæðir, sem um ræðir, að vera sýnilegar öllum þeim er málið varðar. Ekkert varð úr framkvæmd tillagnanna árið 1994.

Miðað við umræður, sem urðu í tengslum við kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna 1998, hafði ekki orðið breyting á afstöðu sjómanna í þessum efnun. Þvert á móti töldu þeir að það hefði færst í vöxt að sjómenn tækju með einum eða öðrum hætti í því að fjármagna kaup útgerðarfyrirtækja á aflamarki. Voru tvö fyrri tilvikin sem nefnd voru í skýrslu nefndarinnar frá 1994 oftast nefnd í þessu sambandi, þ.e. framsal aflaheimilda frá fiskvinnslufyrirtæki til útgerðar gegn löndun á afla á verði þar sem tekið hefur verið tillit til andvirði aflaheimildanna. Tillögur nefndarinnar frá 1994 voru endurvaktar lítt breyttar af sambærilegri nefnd sem skipuð var af sjávarútvegsráðherra í því skyni að liðka fyrir kjarasamningum í upphafi árs 1998.

#### Lagalegt hlutverk

Í lögum nr. 11/1998 segir um Kvótáping:

Kvótáping Íslands hefur það hlutverk að annast tilboðsmarkað fyrir aflamark. Óskyld starfsemi er Kvótápingi óheimil.

Allur flutningur aflamarks milli skipa, annar en sá sem um getur í 3. mgr., er óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótápingi.



Heimilt er að flytja aflamark milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótaþingi í eftirtöldum tilvikum:

1. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
2. Þegar um er að ræða jöfn skipti miðað við meðaltalsviðskiptaverð viðkomandi tegunda á Kvótaþingi í síðastliðinni viku.
3. Þegar um er að ræða flutning aflamarks af tegund sem ráðherra hefur með reglugerð undanþegið viðskiptaskyldu á Kvótaþingi. Forsenda slíkrar undanþágu er að fyrir liggi tillaga stjórnar Kvótaþings, enda séu viðskipti með aflamark af viðkomandi tegund svo lítil að ekki séu að mati stjórnarinnar forsendur til myndunar markaðsverðs á tilboðsmarkaði.

Kvótaþing á að annast öll viðskipti með aflamark milli skipa. Er flutningur aflamarks milli skipa óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótaþingi. Frá þessari meginreglu eru gerðar þrjár undantekningar:

Í fyrsta lagi er flutningur aflamarks milli skipa í eigu sama aðila heimill án milligöngu Kvótaþings. Í þessum tilvikum eiga sér engin viðskipti stað. Hugtakið sami aðili ber að skýra þröngt. Það tekur aðeins til sama einstaklings eða sömu lögpersónu. Móður- og dótturfyrirtæki teljast því ekki sami aðili. Ekki nægir að skip sé í leigu eða í kaupleigu sama aðila til að falla undir undanþáguna heldur þarf aðilinn að eiga bæði það skip sem flutt er frá og flutt er til.

Í öðru lagi geta jöfn skipti á aflamarki átt sér stað utan Kvótaþings, enda séu skiptin á jafnverðmætum aflaheimildum miðað við meðalviðskiptaverð viðkomandi tegunda í síðastliðinni viku. Ef tryggt er að um raunverulega jafnverðmætar aflaheimildir sé að ræða er ekki að sjá að viðskipti með þær utan Kvótaþings geti haft bein áhrif á fiskverð til hlutskipta og því engin þörf á að skyldubinda slík viðskipti á Kvótaþingi.

Í þriðja lagi er heimild til að undanþiggja viðskipti á Kvótaþingi með aflamark tegunda sem svo lítil viðskipti eru með að engar forsendur eru til myndunar markaðsverðs á tilboðsmarkaði. Forsenda slíkrar undanþágu er að fyrir liggi tillaga stjórnar Kvótaþings. Á fiskveiðiárinu 1998/99 voru innfjarðarrækja og hörpuskel undanþegin viðskiptum á Kvótaþingi og á núverandi fiskveiðiári bættist Norðuríshafsporskur við.

Kvótaþing annast skráningu kaup- og sölutilboða á aflamarki og er vettvangur slíkra viðskipta. Kvótaþing annast greiðslumiðlun og miðlun upplýsinga um viðskipti á Kvótaþingi. Í orðalaginu að "annast" felst að Kvótaþing ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með starfsemi þingsins, hvort sem það sér um daglegan rekstur sjálft eða felur hann óháðum þriðja aðila að hluta eða öllu leyti.

Í viðskiptum á Kvótaþingi vita kaupandi og seljandi ekki hvor af öðrum. Af þeirri ástæðu er mikilvægt að tryggt sé að kaupandi standi við greiðsluloforð sitt. Viðskiptum á Kvótaþingi lýkur því ekki fyrr en fyrir liggur að greiðsla hefur verið innt af hendi og þess vegna annast Kvótaþing greiðslumiðlunina.

Sjávarútvegsráðherra skipar þrjá menn í stjórn Kvótaþings og skulu þeir hafa góða þekkingu á þeirri starfsemi sem það ber ábyrgð á, þ.e. sérfræðipækkingu á sviði viðskipta með aflamark og viðskipta á tilboðsmarkaði. Stjórn Kvótaþings ber ábyrgð á allri starfsemi þess.

Reglur um starfsemi þingsins lúta m.a. að skráningu kaup- og sölutilboða, útreikningi viðskiptaverðs, greiðslumiðlun, miðlun upplýsinga og trúnaðarskyldu. Þær eiga að tryggja að viðskipti fari fram á sem skemmstum tíma, að ekki sé unnt að fá vitneskju um tilboðsgjafa, að óeðlileg tilboð hafi ekki áhrif á viðskiptaverð, að tilboðsgjafar standi við tilboð sín, að Fiskistofa fái nauðsynlegar upplýsingar og að aðilar á markaði



fái upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hagkvæmni kaupa og sölu aflamarks á tilteknum tíma.

Fjármálaeftirlitið er sá opinberi aðili sem eftirlit hefur með að Kvótapiing fari að lögum, reglugerðum og reglum.

### Starftilhögun Kvótapiings

Eftir tilkomu Kvótapiings þurfa þeir sem hyggjast kaupa eða selja aflamark að verða sér úti um eyðublað sem stjórn Kvótapiings hefur látið útbúa. Með tilboði skal fylgja staðfesting um bankatryggingu. Tilboðið er sent til Fiskistofu og þar er athugað hvort aflamarkið sé til staðar og hvort heimilt sé að flytja aflamarkið. Fiskistofa er milliliður tilboðsgjafa og Kvótapiings.

Hlutverk Fiskistofu er tvíþætt. Hún er annars vegar milliliður tilboðsgjafa og Kvótapiings og hins vegar sá aðili sem gengur úr skugga um að tilboðsgjafi fullnægi skilyrðum laga til kaupa og sölu aflamarks. Bein samskipti tilboðsgjafa og Kvótapiings eru talin óæskileg vegna áhrifa sem tilboðsgjafi gæti haft á viðskipti á þinginu. Fiskistofa hefur einnig daglega umsjón með Kvótapiingi, f.h. stjórnar Kvótapiings. Fiskistofa varð fyrir valinu m.a. vegna þess að hún er óhjákvæmilegur milliliður í viðskiptunum aflamark, enda eru allar upplýsingar um aflamark skráðar hjá Fiskistofu. Fiskistofa hefur því upplýsingar um aflahimildir skips og þar með hvort aðili megi eiga viðskipti með aflamark. Aflamark er flutt á biðreikning á þeim tíma er tilboð er skráð á Kvótapiingi og þar til viðskipti eiga sér stað. Væri slíkt ekki gert gæti seljandi aflamarks veitt upp í þær himildir sem tilboð hans nær til og skráð hefur verið á Kvótapiingi.

Fiskistofa gengur þannig úr skugga um að skilyrðum fyrir tilboði sé fullnægt og skráir síðan tilboðið í viðskiptakerfi Kvótapiings. Þau tilboð sem berast fyrir klukkan 12:00 eru notuð við útreikning á viðskiptaverði sem fer fram klukkan 15:00. Tilboð sem berast eftir klukkan 12:00 færast yfir á næsta viðskiptadag. Viðskiptaverð er reiknað út einu sinni á dag og fer fram með uppboði í tölvu. Uppboðið er blint, þ.e. tilboðsgjafar vita ekki hvaða tilboð eru í pottinum ("svarta kassanum") þegar þeir leggja tilboð sín fram. Reiknað er út eitt viðskiptaverð fyrir hverja fisktegund. Aðferðin við útreikninginn er þannig uppbyggð að tilboðsgjafar fá aldrei lakara verð en þeir buðu og líkur eru á að verðið verði hagstæðara. Vegna þess að hægt er að setja skilyrði um lágmarksmagn er þó hugsanlegt að engin viðskipti verði þótt tilboðsverð gæti gefið tilefni til annars. Þegar viðskipti hafa farið fram og fyrir liggur að kaupandi hefur innt af hendi greiðslu vegna viðskipta sinna, sendir þingið Fiskistofu upplýsingar um viðskiptin sem þá annast flutning aflamarks af biðreikningi ognilli skipa.

Rekstur Kvótapiings á að vera borinn uppi af þjónustugjaldi sem nægja á til greiðslu kostnaðar af starfsemi þingsins. Kvótapiing leggur á fast gjald vegna skráningar og greiðslumiðlunar, nú kr. 700, og einnig af umfangi þjónustu við hvern aðila, þ.e. hlutfallslegt gjald sem nú er 0,13%.

Upplýsingar um verð á aflamarki og viðskiptamagn á Kvótapiingi frá stofnun þess er að finna á heimasíðu þingsins <http://www.kvotathing.is>).

## Viðskipti og verðþróun á Kvótapingi

Kvótaping Íslands tók formlega til starfa þann 1. september 1998. Lög um tilboðsmarkaðinn höfðu verið samþykkt á Alþingi í marsmánuði og hafði tíminn fram til opunar verið notaður í að undirbúa starfsemina, m.a. að móta starfsreglur fyrir þingið og aðlaga starfsfólk Fiskistofu að þessum nýja þætti í umsjón hennar. Þann 11. september áttu fyrstu viðskipti sér stað á Kvótapinginu, en þann dag voru seld 6 tonn af þorski á 85 kr. kg. Rúmri viku síðar fóru síðan útgerðir að taka við sér og urðu nokkur viðskipti með helstu tegundir.

Þrátt fyrir rólega byrjun í viðskiptum, má segja að í októbermánuði hafi starfsemin verið komin á fullan skrið. Í þeim mánuði áttu sér stað viðskipti með rúm 2.800 tonn af þorski og um 1.200 tonn af öðrum botn- og skelfisktegundum. Þó engin meiriháttar vandamál hafi komið upp í starfsemi Kvótapings, þá var ljóst að nýjung af þessum toga þurfti aðlögunar við og að kynna þurfti og leiðbeina væntanlegum viðskiptaaðilum.

Á fyrsta starfsári Kvótapings fóru tæp 100 þús. tonn af aflamarki um þingið og var heildarviðskiptaverðmæti tæpir 3,4 milljarðar kr. Tafla 3.1 sýnir umfang viðskipta á Kvótapingi á fyrsta starfsári þess.

Tafla 3.1. Heildarviðskipti á Kvótapingi fiskveiðiárið 1998/99

Fisktegund	Magn miðast við slægðan fisk		
	Magn lestir	Meðalverð	Verðmæti kr.
Þorskur	24.865	99,21	2.466.899.062
Ýsa	4.886	46,28	226.103.682
Ufsi	3.420	30,10	102.946.341
Karfi	4.351	40,60	176.630.226
Steinbitur	2.240	22,06	49.423.453
Úthafskarfi	323	31,72	10.232.182
Grálúða	778	83,80	65.199.951
Skarkoli	2.149	44,67	95.987.436
Langlúra	184	39,35	7.230.129
Sandkoli	998	18,13	18.080.825
Skráplúra	1.029	15,19	15.625.868
Sild	4.802	5,32	25.536.600
Loðna	42.089	0,39	16.414.710
Humar	39	398,55	15.539.865
Úthafsækja	5.271	3,59	18.926.591
Flæmingjarækja	1.877	30,86	57.942.694
Þorskur Noregur	55	37,73	2.075.000
Samtals	99.354		3.370.855.205


Að magni til voru mestu viðskiptin með loðnu, eða 42 þús. tonn, en verðmæti hennar var þó aðeins 16,4 milljónir kr. Næst mest viðskipti að magni til voru með þorsk, eða tæp 25 þús. tonn. Verðmæti þorsksins voru tæpir 2,5 milljarðar, eða nær þrífjórðu af heildarverðmæti viðskipta á þinginu. Ýsa, ufsi og karfi koma þar á eftir, ef miðað er við verðmæti, með um hálfan milljarð króna.

Fyrstu viðskipti á Kvótapingi áttu sér stað, eins og áður segir, þann 11. september 1998. Þann dag seldust 6 tonn af þorski á 85 kr. kg. Þann 31. ágúst 1999, við



fiskveiðiáramót, seldust rúm 143 tonn af þorski á 96,75 kr. kg. Þann dag áttu sér einnig stað viðskipti með nokkur hundruð tonn af öðrum tegundum.

Mynd 3.1. Verðþróun á aflamarki þorsks á Kvótapingi



Á fiskveiðiárinu 1998/99 fór meðalverð á þorski í einum mánuði hæst í júní, eða í 108,57 kr. kg. Meðalverð í maí og júlí voru lítillega lægri, bæði yfir 107 kr. kg. Hæsta einstaka meðalverð á einum degi var þann 5. júlí, en þá fór verðið í 120 kr. kg. og viðskipti áttu sér stað með rúm 157 tonn. Á mynd 3.1 má sjá þróun meðalverðs og viðskiptamagns fyrir þorsk frá september 1998. Eins og sú mynd sýnir, þá var um nokkuð stöðuga hækkun verðs að ræða fram til júnímánaðar 1999, en eftir það lækkaði verð aftur. Svipuð þróun virðist ætla að eiga sér stað á nýju fiskveiðiári. Meðalverð á aflamarki í þorski fór úr 99,24 kr. kg. nú í september 1999 og í 117,20 í desember. Á mynd 3.1 má einnig sjá að lítil tengsl eru á milli viðskiptamagns og meðalverðs á Kvótapingi, en vikið verður nánar að verðmyndun síðar í skýrslunni.


Mynd 3.2. Verð á aflamarki þorsks á Kvótapingi



Mynd 3.1 sýnir ekki þær sveiflur í verði sem verða oft með stuttu millibili, enda um meðalverð mánaðar að ræða. Á mynd 3.2 má sjá þessar sveiflur, en myndin sýnir dagleg viðskiptaverð á aflamarki í þorski. Greina má sérstaklega þá skyndilegu verðhækkun sem varð á fyrstu dögum júlímánaðar, en þá rauk verð upp í 120 kr. Fimm viðskiptadögum síðar var verð komið í 110 kr. og viku þar á eftir undir 100 kr. Þessi verðupsveifla kallaði líka á viðbrögð markaðsaðila. Kaupþilboðum fækkaði og


7. júlí barst ekkert nýtt kauptilboð til Kvótapingi. Viðskipti urðu aðeins með 2 tonn af þorski, en meðalviðskipti höfðu verið um 75 tonn á dag undanliðnar tvær vikur. Sölutilboðum, með há lágmarksverð, fjölgaði hins vegar nokkuð, en flest þeirra féllu úr gildi eða voru afturkölluð enda lækkaði viðskiptaverð.

Mynd 3.3. Verðþróun á aflamarki ýsu á Kvótapingi



Tæp 5 þús. tonn af ýsuaflamarki skiptu um hendur á Kvótapingi á fiskveiðiarinu 1998/99. Svipuð þróun varð á mánaðarlegu meðalverði ýsu eins og á þorski. Verð hækkar smátt og smátt, nær hámarki í júlí, en lækkar svo í lok ársins. Meðalverð í september 1998 var 31,50 kr., en í júlí fór það í 59,67 kr. Hæsta einstaka viðskiptaverðið var þann 12. júlí, þá fór ýsan í 67,50 kr. Lítið samband er á milli verðs og viðskiptamagns ýsu. Nú á nýju fiskveiðiarinu hefur meðalverð á aflamarki í ýsu hækkað mikið, eða úr 48,21 kr. í september í 82,78 kr. kg. í desember.


Mynd 3.4. Verðþróun á aflamarki ufsa á Kvótapingi



Mynd 3.4 sýnir verðþróun á aflamarki í ufsa. Um 3.500 tonn af ufsa fóru um þingið á s.l. fiskveiðiarinu. Meiri sveiflur voru á verði ufsans en þorsksins og ýsunnar, og ekkert sambengi virðist milli verðsins og viðskiptamagnsins. Verð á aflamarki ufsa hefur hækkað um meira en 20% á nýju fiskveiðiarinu, en viðskiptamagn er lítið.




Mynd 3.5. Verðþróun á aflamarki karfa á Kvótapingi



Á fimmta þúsund tonn af aflamarki í karfa fóru um Kvótaping á fiskveiðiárinu 1998/99. Miklar sveiflur voru í viðskiptamagni, eins og sjá má á mynd 3.5. Meðalverð á karfa fór hæst í 43,60 kr. kg. í desember 1998, en lækkaði síðan og fór í 35,75 kr. í ágúst. Verð á aflamarki í karfa hélst þó tiltölulega stöðugt í samanburði við verðsveiflur annarra fisktegunda.


Mynd 3.6. Verðþróun á aflamarki skarkola á Kvótapingi



Viðskipti með aflamark í skarkola voru um 2.100 tonn á Kvótapingi á s.l. fiskveiðiári. Þó sú tala virki e.t.v. lág, þá var þetta um þriðjungur úthlutaðs aflamarks tegundarinnar. Miklar sveiflur voru á viðskiptamagni skarkolans milli mánaða, en verð hafði verið nokkuð stöðugt framan af árinu. Frá ágúst 1999 hefur verð á aflamarki í skarkola hins vegar hækkað um 100%, eða í 109,90 kr. kg.


Rúm 2.200 tonn af steinbít fóru um Kvótaping fiskveiðiárið 1998/99. Verð á aflamarki í steinbít lækkaði framan af fiskveiðiárinu, en hækkaði síðan á sumarmánuðum. Hæst fór meðalverð á steinbít í 36,31 kr. kg. í júlí, en í desember 1999 var meðalverðið 33,47 kr.

Mynd 3.7. Verðþróun á aflamarki steinbíts á Kvótápingi



Tæp 6 þús. tonn af aflamarki í úthafsrækju fóru um Kvótáping á s.l. fiskveiðidári. Í upphafi þess fiskveiðidárs kom í ljós að ástand stofnsins var slæmt og tilkynnt var um þriðjungs niðurskurð á leyfilegu aflamarki úthafsrækjunnar í desember 1998. Úthafsrækjuveiðin gekk einnig illa og hurfu skip frá veiðum. Þegar upp var staðið í lok fiskveiðidárs hafði veiðin aðeins gefið um 30 þús. tonna afla. Allt þetta leiddi til mikils framboðs á aflamarki í úthafsrækju og urðu allmikil viðskipti, eins og áður segir. Það sem er eftirtektarverðast við þau viðskipti er að meðalverð á fiskveiðidárinu var aðeins 3,89 kr. kg., sem er rétt um tíund af meðalverði rækjuafلامarks á Flæmingjagrunni (sjá töfluviðauka). Þá er einnig athyglisvert við viðskipti með úthafsrækjuna, að rúmlega 10% aflamarksins sem um Kvótáping fór var keyptur af smábátum með aflamark.

Mynd 3.8. Verðþróun á aflamarki úthafsrækju á Kvótápingi



Varðandi verðþróun á öðrum tegundum vísast í töfluviðauka, en þar má sjá verð á aflamarki allra helstu tegunda á frá janúar 1997 til desember 1999.

Nokkur aukning hefur orðið á umfangi aflamarksviðskipta fyrstu fjóra mánuði fiskveiðidársins 1999/2000 miðað við sama tímabili fiskveiðidársins 1998/1999, eins og sjá má í töflu 3.2.



**Tafla 3.2.. Heildarviðskipti á Kvótapingi sept.-des. 1998 og 1999**

Magn miðast við slægðan fisk	1998		1999	
	Magn lestir	Meðalverð	Magn lestir	Meðalverð
Þorskur	8.862	91,17	9.464	107,95
Ýsa	1.072	40,41	910	68,33
Ufsi	507	26,42	462	36,63
Karfi	854	42,25	862	41,11
Steinbitur	152	14,65	63	29,96
Úthafskarfi	16	30,37	55	5,00
Grálúða	272	63,70	157	103,45
Skarkoli	346	36,50	211	106,90
Þykkvalúra			11	90,38
Langlúra	35	33,29	24	40,81
Sandkoli	50	16,94	228	21,10
Skráþflúra	57	14,41	153	19,94
Síld	5.328	5,44	8.454	5,05
Loðna	0		0	
Humar	7	313,22	5	392,93
Úthafsærækja	713	10,56	239	21,50
Flæmingjarækja	0		623	30,77
<b>Samtals</b>	<b>18.271</b>		<b>21.920</b>	

Heildarviðskiptamagn þessa fyrstu mánuði fiskveiðiársins hefur aukist úr rúmum 18 þús. tonnum í tæp 22 þús. tonn. Aukninguna má að mestu skýra með auknum viðskiptum með síld, eða rúm 3 þús. tonn. Þá hafa viðskipti með þorskaflamark aukist um 600 tonn.

## Verðmyndun á kvóta

Verð á kvóta (aflahlutdeild og aflamarki) ræðst af framboði og eftirspurn, eins og önnur verð gæða á markaði. En hvernig má skilgreina framboð og spurn eftir kvótum? Varðandi framboðið, þá má segja að verðmyndun á aflahlutdeild, annars vegar, og aflamarki, hins vegar, myndist á ólíkan en þó nátengdan hátt. Reyndar gildir það sama einnig um eftirspurnina, en í stuttu máli má segja að verð á aflamarki byggji á samspili framboðs og eftirspurnar við skammtímasjónarmið, en aflahlutdeildarverð á langtímasjónarmiðum. Horfum fyrst til framboðsins.

Ef fiskstofn er nýttur þannig að aflinn sé jafn hreinum vexti stofnsins þá breytist stærð stofnsins ekki, þ.e. stofninn er í jafnstöðu. Nýting stofnsins gefur þá sama arð á hverju ári, þ.e. miðað við sömu eftirspurn. Við slíkar aðstæður ætti hlutfallið á milli verðs á aflamarki og verðs á aflahlutdeild að vera jafnt og langtímavextir að viðbættu álagi vegna áhættu, enda er sjaldnast hægt að tryggja að stofninn haldist í jafnstöðu né heldur að jafnstöðuveiðimagn sé ætíð það sama. Ef stofninn er ekki í varanlegri jafnstöðu þá hljóta væntingar eða framtíðarhorfur varðandi vaxtarmöguleika stofnsins og afla úr stofninum í framtíðinni að hafa áhrif á verð á aflahlutdeildunum, auk vaxtanna.

Eftirspurn aflahlutdeilda byggir hins vegar á spurn eftir afurðum úr stofninum (fiskverð, afurðaverð) og kostnaði við að veiða úr stofninum (bæði kostnaði við sjósókn og veiðanleika stofnsins). Ef að væntingar eru um að spurn eftir afurðum úr stofninum aukist í framtíðinni, leiðir það til verðhækkunar á aflahlutdeildum (miðað við óbreytt framboð) og aukins munar á verði aflamarks og aflahlutdeildar. Væntingar um minnkandi eftirspurn (eða hærri kostnað) leiða því til verðlækkunar á aflahlutdeild og lækkandi hlutfalls aflamarks og aflahlutdeilda.

Verðið á aflamarki ársins ræðst aftur móti af væntum hagnaði af veiðum úr stofninum á yfirstandandi fiskveiðiári, enda er framboðið stöðugt (þ.e. væntingar útgerða í upphafi fiskveiðitímabils um heildarafla á tímahlínu, en leyfilegur heildarafla eru þó efri mörk hans). Ef stofn er í erfiðri stöðu, afli á sóknareiningu er lítill og útgerðarkostnaður mikill, þá ætti verðið á aflamarki ársins að vera lágt. Verðið á aflahlutdeildum getur aftur á móti verið mjög hátt ef framtíðarmöguleikar stofnsins eru metnir miklir og væntingar eru um að sóknin verði þannig að stofninn verði stærri og gjöfull í framtíðinni. Ef stofn er í góðri stöðu, afli á sóknareiningu er mikill og útgerðarkostnaður lítill, þá ætti verð á aflamarki að vera hátt. Verð á aflahlutdeildum getur aftur á móti verið lágt vegna þess að horfur eru á því að stofninn minnki í framtíðinni.

Til lengri tíma geta bæði framboð og eftirspurn verið ráðandi um verð á aflahlutdeildum. Til skemmri tíma, eftir að ljóst er hvert heildaraflamagnið verður, er hins vegar eftirspurnin ráðandi um verð aflamarks. Þetta þýðir að verð á aflamarki ætti að vera mjög næmt fyrir breytingum á útgerðarkostnaði (aðföngum og veiðanleika) og spurninni eftir afurðum úr stofninum (afurðaverð, fiskverð).


Hér gefst ekki tækifæri á að útskýra verðmyndun á kvóta frekar, enda er tilgangurinn með framsögðu aðeins að gefa smá innsýn á þá þætti sem áhrif geta haft á verð á aflamarki einstakra fisktegunda.

Í framhaldi er áhugavert að líta á þróun á verði aflamarks einstakra aflamarkstegunda hérlandis. Í heild eru 30 flokkar aflamarks í íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu. Fisktegundirnar innan þessara 30 flokka aflamarks eru þó færri, enda er greint á milli sumra tegunda eftir svæðum. Ástæða þessa er að sumar tegundir geta verið af fleiri en




einum stofni. T.a.m. eru nokkrir sjálfstæðir innfjarðarrækjustofnar við strendur landsins, en að auki er svokölluð úthafs-rækja (djúpsjár-rækja) innan lögsögunnar og úthafs-rækja á Flæmingjagrundi. Þá er hörpuskel á nokkrum fjörðum og flóum og er aðgreint á milli þeirra. Heildarlista yfir aflamarkstegundir er að finna í töfluviðauka A1.

Mynd 3.9. Meðalverð á aflamarki í þorski í kr/kg í jan. 1995 - des. 1999



Ef verð á aflamarki þorsks er skoðað, eins og gert er á mynd 3.9, má sjá að nokkuð miklar sveiflur eru í verði þess. Á tímabilinu jan. 1995 til des. 1999, sem sýnt er á myndinni, hefur verðið farið lægst í 76 kr. í október 1996 og hæst í desember 1999 í 117,20 kr. Sveiflur í verði skýrast að sumu leyti af því að afli og eftirspurn er árstíðarbundin. Þá hafa fiskveiðiráamótin líka áhrif, en þá skiptir heilaraflamarksstaða (framboð) miklu máli. Þrátt fyrir sveiflur náði verðið aldrei að komast hærra en í um 96 kr. fyrr en í febrúar 1999, en þá fór það yfir 100 kr. markið.

Mynd 3.10. Verðvísitölur (ágúst 1997=100) saltaðra þorskafurða og kvótaleigu




Á mynd 3.10 eru vísitölur saltaðra þorskafurða og kvótaleigu (verð á aflamarki) sýndar fyrir tímabilið jan. 1997 til des. 1999. Þó öruggt sé að verð á sölтуðum þorskafurðum hafi áhrif á verð aflamarks er erfitt að greina slíkt samband á myndinni hér, a.m.k. ef horft er á skammtímabreytingar. Líklegra er því að um lengri tíma samhengi sé að ræða, enda má sjá að línurnar víkja aldrei langt frá hvorri annarri. Út frá myndinni má lesa verðbreytingar á ákveðnum tímabilum. T.a.m. hækkar vísitala afurðanna frá ágúst 1997 um 15% til ágúst 1998 og 25% til ágúst 1999. Á sama tímabili hækkar vísitala aflamarks um 11% til 1998 og 24% til ágúst 1999. Á sama hátt má lesa úr myndinni að kvótaverð hafi hækkað um 13% á fyrsta starfsári

Kvótapiings (sept. 1998 - sept. 1999) á meðan söltuðu afurðirnar hækkuðu aðeins um 5%. Þá má einnig sjá að verð á söltuðum þorskaflum hefur lækkað um tæp 2% síðan í desember 1998, en á sama tíma hefur verð á þorskaflamarki hækkað um 25%.

Mynd 3.11 sýnir sýnir verðvísitölu þorskaflamarks sem hlutfall af verðvísitölu saltaðra þorskafla. Á myndinni má sjá, að þrátt fyrir sveiflur í verði þá fylgjast vísitölurnar að þegar tímabilið er skoðað í heild.


Mynd 3.11. Verðvísitala þorskaflamarks sem hlutfall af verðvísitölu saltaðra þorskafla



Á mynd 3.12 má sjá verðvísitölur landfrystra þorskafla og kvótaleigu. Þrátt fyrir að minna samhengi sýnist vera á milli þessara vísitalna, þá eru breytingar mjög álíka yfir lengri tíma séð. Frá ágúst 1997 til sama mánaðar 1998 hækkar verðvísitala afurðanna um 11%, sem er sama hækkun og á vísitölu kvótaleigu. Til ágúst mánaðar 1999 hækkar afurðavísitalan um 22%, en kvótaleigan um 24%, eins og áður kom fram. Með því að velja aðra grunnpunkta má finna annað samhengi, alveg eins og rakið var hér á undan í umfjöllun um verðvísitölu saltaðra afurða.

Mynd 3.12. Verðvísitölur (ágúst 1997=100) landfrystra þorskafla og kvótaleigu

— Landfrystur þorskur — Verð á aflamarki




Á mynd 3.13 eru sýndar verðvísitölur fyrir slægðan þorskafla, í beinni sölu til fiskverkenda og í sölu á innlendum fiskmörkuðum, og verð á aflamarki þorsks. Af myndinni má ætla að langtímasamband sé milli verðs í beinni sölu og kvótaleigu, að því leyti að línurnar liggja nokkuð samhliða ef horft er á allt tímabilið.




Skammtímasveiflur eru hins vegar í verði beggja og ekki alltaf í sömu átt. Sveiflur í verði þorsks á fiskmörkuðum eru mun meiri en sveiflur í verði aflamarks.

Mynd 3.13. Verðvísitölur (ágúst 1997=100) slægðs þorsks og kvótaleigu  
 — Selt í beinni sölu — Selt á innlendum mörkuðum — Verð á aflamarki




Myndir 3.14 og 3.15 sýna verðvísitölu þorskaflamarks sem hlutfall af verðvísitölu slægðs þorsks í beinni sölu, annars vegar, og í sölu á innlendum fiskmörkuðum, hins vegar.

Mynd 3.14. Verðvísitala þorskaflamarks sem hlutfall af verðvísitölu slægðs þorsks í beinni sölu



Á myndunum sést að verðvísitalan fyrir beina sölu fylgir vísitölu þorskaflamarks nokkuð vel, ef tímabilið í heild er skoðað, en vísitala fiskmarkaðsverðs fylgir verðvísitölu þorskaflamarks mun minna.


Mynd 3.15. Verðvísitala þorskaflamarks sem hlutfall af verðvísitölu slægðs þorsks á innlendum fiskmörkuðum



Þegar gögn um aflamark, fiskverð og afurðaverð annarra fisktegunda eru skoðuð koma lítil eða engin tengsl í ljós. Ýmsar skýringar geta verið á því. Verð á aflamarki flestra annarra tegunda sveiflast mun meira en leiguverð á þorski, t.d. vegna þess að leyfilegur heildarafli tegundarinnar er ekki í samræmi við veiðanleika úr stofninum þannig að úthlutaður kvóti næst ekki. Þessi skýring getur vel átt við ýsu, ufsa, langlúru og úthafsækju, á mismunandi tímum þó. Önnur skýring er fundin í að gögn um fiskverð og afurðaverð henta ekki nægilega vel til slíkrar skoðunar, t.d. vegna þess að verðvísitala tiltekinnar vinnsluáðferðar er ekki til. Til frekari fróðleiks um þetta eru myndir fyrir verðvísitölur ýsu og ufsa birtar hér að neðan (myndir 3.16-3.18).

Mynd 3.16. Verð á ýsu í kr.: Selt beint, innlendir markaðir og kvótaleiga


— Selt beint — Selt á innlendum mörkuðum - - - Verð á aflamarki






Mynd 3.17. Verðvístölur ýsu: Landfryst, innlendir markaðir og kvótaleiga

— Landfryst ýsa    - - - Verð á aflamarki    — Selt á innlendum mörkuðum



Mynd 3.18. Verðvístölur ufsa (jan 99=100): Landfrystar og saltaðar afurðir, og kvótaleiga

— Landfrystur ufsi    — Saltaðar ufsaafurðir    - - - Verð á aflamarki



## Sundurliðun viðskipta á Kvótapiingi og samanburður við fyrri ár

Viðskiptamagn á Kvótapiingi fiskveiðiárið 1998/99 var tæplega 100 þús. tonn. Af því voru tæp 25 þús. tonn þorskur, en umfang þorskaflamarks var þó mun herra í verðmætum mælt, eða um 3/4 (sjá töflu 3.1).

Tafla 3.2. Flutningur á aflamarki 1995/96-1998/99, B og D færslur. Miðað er við slægðan fisk í tonnum.

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbitur	Grálúða	Skarkoli	Úth.rækja
1995/96	47.918	21.199	25.548	16.233		11.040	7.509	34.665
1996/97	58.577	19.124	19.213	15.042	4.002	5.989	7.773	30.744
1997/98	68.710	14.197	13.220	13.406	7.157	2.895	5.590	35.576
1998/99	24.865	4.886	3.420	4.351	2.240	778	2.149	5.271

Sá flutningur á aflamarki sem lögum samkvæmt verður að fara um Kvótapiing eru svokallaðar B og D færslur. Báðir færsluflokkar eiga við flutning á aflamarki milli óskyldra aðila. Fyrirnefndi flokkurinn á við um flutning á aflamark milli óskyldra aðila í sömu verstöð, en sá síðarnefndi um flutning milli aðila í sitt hvorri verstöðinni.

Í töflu 3.2 má sjá tölur um flutning aflamarks helstu tegunda frá fiskveiðiárinu 1995/96 til 1998/99. Í töflunni má sjá að nokkrar sveiflur eru í tölum um flutning einstakra tegunda. Á heildina litið eru tölurnar þó nokkuð háar, nema á s.l. fiskveiðiári en þá lækka þær til muna. Ýmsar ástæður geta verið fyrir sveiflum í flutningi aflamarks milli óskyldra aðila. T.a.m. gæti aflamark tegundar hafa breyst milli ára. Einnig gæti verið um að ræða að veiðin á tegundinni hafi gengið illa, en þá var oft brugðið á það ráð að fá að vista á öðrum báti þann hluta óveidds aflamarks sem skip gat ekki sjálft flutt yfir á næsta fiskveiðiár. Af þessum, og öðrum ástæðum, er heppilegra að skoða tölur um flutning einnig í hlutfallsformi. Það er gert í töflu 3.3.

Tafla 3.3. Flutningur á aflamarki 1995/96-1998/99, B og D færslur. Slægður fiskur, hlutfall af úthlutuðu aflamarki og jöfnun hvers árs

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbitur	Grálúða	Skarkoli	Úth.rækja
1995/96	50,0%	48,3%	46,6%	25,0%		60,0%	62,8%	55,0%
1996/97	45,7%	55,9%	49,9%	23,1%	29,0%	54,3%	82,3%	51,2%
1997/98	43,6%	39,5%	55,2%	20,6%	77,8%	35,0%	59,2%	47,4%
1998/99	13,7%	16,6%	14,5%	6,7%	24,3%	12,1%	22,7%	13,2%

Í töflunni má sjá að flutningur aflamarks milli óskyldra aðila hefur minnkað mjög mikið í öllum tegundunum. Reyndar minnkar einnig flutningur annarra tegunda, en þó ekki allra. Nánar má sjá þá þróun, ásamt flutningi A (innan sömu útgerðar) og C (jöfn skipti) færslna í töfluviðaukum A3.1-A3.4.

Athyglivert er að skoða viðskipti með nokkrar tegundir eftir skipaflokkum. Í töflu 3.4 eru viðskipti með þorskaflamark á Kvótapiingi á s.l. fiskveiðiári skoðuð. Hér sést að það eru hin svokölluðu aflamarksskip sem kaupa til sín þorskaflamark og er það eini skipaflokkurinn sem kaupir (leigir til sín) meira en hann selur, um 70% meira. Togararnir selja hins vegar frá sér meira en tvöfalt það magn sem þeir kaupa. Þá er einnig áberandi hversu mikið smábátar með aflamark selja frá sér af þorskaflamarki (sjá nánari sundurliðun í töfluviðaukum A5.1-A5.7).



Tafla 3.4. Viðskipti á Kvótapiingi með þorskaflamark 1998/99, eftir skipaflokki

Miðað við slægðan þorsk í tonnum

	Kaupmagn	Sölumagn	Mismunur
Togarar	3.242	7.979	-4.738
Skip með aflamark	17.673	10.198	7.476
Smábátar með aflamark	3.947	6.687	-2.740
Þorskaflahámarksbátar	2	0	2
Grásleppuleyfi	1	1	0
Samtals	24.865	24.865	

Í töflu 3.5 má sjá viðskipti með aflamark ýsu á Kvótapiingi eftir skipaflokkum. Hér koma álíka hreyfingar fram, þ.e. togarar og smábátar selja meira frá sér en þeir kaupa, en hlutfallslega minna en hvað þorskinn varðar. Samtals áttu 685 fiskiskip viðskipti á Kvótapiingi fiskveiðiárið 1998/99.

Tafla 3.5. Viðskipti á Kvótapiingi með aflamark ýsu 1998/99, eftir skipaflokki

miðað er við slægða ýsu í tonnum

	Kaupmagn	Sölumagn	Mismunur
Togarar	1.368	1.673	-305
Skip með aflamark	2.891	2.444	447
Smábátar með aflamark	627	769	-142
Samtals	4.886	4.886	

Loks má sjá í töflu 3.6 viðskipti með aflamark í úthafs-rækju, en ástand stofnsins og léleg veiði höfðu veruleg áhrif á þessi viðskipti. Það sem mesta athygli vekur í töflunni eru kaup smábáta á úthafs-rækju. Það er reyndar ekki nýtt að fluttur sé úthafs-rækjukvóti til og frá smábátum, en nær undantekningarlaust hefur það verið gert í þeim tilgangi að geyma kvóta (aflamark og jafnvel hlutdeild). Á fiskveiðiárinu 1998/99 varð hins vegar breyting á. Nú varð tilhneiging til að kaupa til sín aflamark í úthafs-rækju, enda fór verð á aflamarki hennar í og undir 1 kr. kg. Með því að kaupa til sín rækjukvóta gátu sumir minni bátanna (bæði smábátar og aflamarksskip) selt þorsk í staðinn.

Tafla 3.6. Viðskipti á Kvótapiingi með aflamark úthafs-rækju 1998/99, eftir skipaflokki

Miðað við tonn

	Kaupmagn	Sölumagn	Mismunur
Togarar	1.529	2.615	-1.086
Skip með aflamark	2.974	2.638	336
Smábátar með aflamark	768	18	750
Samtals	5.271	5.271	

Í töflu 3.7 má sjá hvernig viðskipti með 5 helstu botnfisktegundir skiptast eftir stærðum útgerða (töflur yfir allar tegundir á Kvótapiingi eru í töfluviðaukum A6.1-A6.2). Útgerðunum er skipt í tvo flokka, annars vegar stærstu 50 útgerðarsamsteypunar og hins vegar aðrar útgerðir. Stærstu útgerðirnar selja meira frá sér en þær kaupa af aflamarki þorks, ýsu, ufsa og karfa, en þessu er öfugt farið með grálúðu. Samtals áttu 572 aðilar viðskipti á Kvótapiingi fiskveiðiárið 1998/99. Þeir 10 kaupendur sem mest keyptu versluðu fyrir um 1 milljarð króna og 40 stærstu versluðu fyrir um 1,8 milljarð króna, eða liðlega helming þess sem verslað var fyrir á árinu. Þeir 10 seljendur sem

mest versluðu seldu fyrir tæpan 1 milljarð króna og stærstu 40 fyrir rúman 1,6 milljarð króna.

Stærstu útgerðirnar selja frá sér rúmlega 4 þús. tonnnum meira af aflamarki í þorski en þær kaupa til sín. Þetta eru tæp 17% af þorskaflamarksviðskiptum sem fóru um Kvótaþing. Í heild fóru þar um tæp 25 þús. tonn af þorski, en ef tillit er tekið til þess að sumar útgerðir keyptu bæði og seldu, þá má segja að hrein viðskipti hafi verið tæp 21 þús. tonn. Til samanburðar voru B og D færslur þorsks fiskveiðiárið 1997/98 samtals tæp 69 þús. tonn, en eftir að tillit er tekið til þeirra útgerða sem bæði fluttu þorsk til sín og frá standa eftir um 37 þús. tonn. Hrein minnkun á viðskiptum með þorskaflamark milli ára er því 16 þús. tonn, eða nær 45%. Gögn Fiskistofu sýna að stærri hluti þessa magns var fluttur frá stóru útgerðunum til þeirra minni.

Tafla 3.7. Viðskipti á Kvótaþingi 1998/99 eftir fisktegundum og stærðum útgerða

miðað við slægðan fisk í tonnum							
Þorskur	Kaup	Sala	Mismunur		Kaup	Sala	Mismunur
Stærstu útgerðir	7.581	11.724	-4.143	Stærstu útgerðir	30,5%	47,2%	-16,7%
Aðrar útgerðir	17.284	13.141	4.143	Aðrar útgerðir	69,5%	52,8%	16,7%
	24.865	24.865			100,0%	100,0%	
Ýsa	Kaup	Sala	Mismunur		Kaup	Sala	Mismunur
Stærstu útgerðir	2.448	3.070	-622	Stærstu útgerðir	50,8%	63,7%	-12,9%
Aðrar útgerðir	2.374	1.752	622	Aðrar útgerðir	49,2%	36,3%	12,9%
	4.822	4.822			100,0%	100,0%	
Úfsi	Kaup	Sala	Mismunur		Kaup	Sala	Mismunur
Stærstu útgerðir	1.731	2.063	-332	Stærstu útgerðir	51,2%	61,0%	-9,8%
Aðrar útgerðir	1.649	1.317	332	Aðrar útgerðir	48,8%	39,0%	9,8%
	3.380	3.380			100,0%	100,0%	
Karfi	Kaup	Sala	Mismunur		Kaup	Sala	Mismunur
Stærstu útgerðir	3.085	3.476	-391	Stærstu útgerðir	72,3%	81,5%	-9,2%
Aðrar útgerðir	1.182	791	391	Aðrar útgerðir	27,7%	18,5%	9,2%
	4.267	4.267			100,0%	100,0%	
Grálúða	Kaup	Sala	Mismunur		Kaup	Sala	Mismunur
Stærstu útgerðir	757	551	206	Stærstu útgerðir	97,4%	70,9%	26,5%
Aðrar útgerðir	21	227	-206	Aðrar útgerðir	2,6%	29,1%	-26,5%
	778	778			100,0%	100,0%	

Hugmyndin að baki því að skoða viðskipti á Kvótaþingi eftir stærðum útgerða byggir á bráðabigðaákvæði þeirra laga sem sett voru árið 1998 til lausnar kjaradeildu sjómanna og útvegsmanna. Hugtakið einstaklingsútgerð er ekki skilgreint í lögnum, né í umræðum á Alþingi, og því er notast við þá skilgreiningu hér að telja til þeirra allar útgerðir sem fengu úthlutað minna en 2.000 þorskígildistonnnum í upphafi fiskveiðisársins 1998/99, utan þeirra er sannarega eru almenningshlutafélög eða í eigu slíkra fyrirtækja. Vegna ársins 1997/98, sem notað er hér til samanburðar, eru til viðbótaðar flokkaðar frá þær útgerðir sem þá fengu meira en 2.000 þorskígildistonnnum úthlutað.



Í töflu 3.8 má sjá tölur um flutning þorskaflamarks milli einstaklingsútgerða og annarra. Þegar taflan er skoðuð, sést að flutningur á þorskaflamarki til einstaklingsútgerða fiskveiðiárið 1998/99 nam rúmlega 4.500 tonnum. Þá sést líka í töflunni að flutningur til þeirra á þorskaflamarki fiskveiðiárið 1997/98 var mun meiri, eða um 11.800 tonn.

Tafla 3.8. Flutningur á þorskaflamarki til einstaklingsútgerða 1997/98 og 1998/99. miðað er við slægðan fisk í tonnum

			Allar útgerðir	Einstaklingsútgerðir	Stærri útgerðir
1997/98	A	Til	38.191	3.716	34.475
		Frá	-38.191	-3.517	-34.674
C	Til	6.171	1.234	4.937	
	Frá	-6.171	-1.283	-4.889	
B og	Til	68.710	39.160	29.551	
	D	Frá	-68.710	-27.348	-41.362
Samtals til			113.073	44.109	68.964
Samtals frá			-113.073	-32.148	-80.925
1998/99	A	Til	38.032	7.884	30.148
